



Úttekt á þjónustu við íbúa í Skálatúni

Útgefandi:

Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar

Desember 2020

gef@gef.is

gef.is

Umbrot og textavinnsla:

Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar

ISBN 978-9935-513-06-9

Efnisyfirlit

Tilmæli um úrbætur	6
1. Tilefni eftirlits	8
2. Starfsemi Skálatúns	9
3. Réttindi fatlaðs fólks	12
4. Framkvæmd úttektar	14
5. Niðurstöður	16
5.1 Heimilið	16
5.2 Búsetustaður og sambýlisfólk.....	20
5.3 Nægileg þjónusta	23
5.3.1 Heilbrigðisþjónusta.....	25
5.3.2 Vinnuálag og starfsaðstaða	26
5.4 Sjálfstætt heimilishald	29
5.5 Samfélag án aðgreiningar	32
5.5.1 Virkni	32
5.5.2 Tímstundir, menning og félagslegt samneyti	35
5.6 Samráð um þjónustu.....	39
5.7 Hæfi starfsfólks	42
6. Fylgiskjöl	47
6.1 Fylgiskjal 1 – Athugasemdir framkvæmdastjóra	47
6.2 Fylgiskjal 2 – Athugasemdir sviðsstjóra og forstöðumanna	50

Myndaskrá

Mynd 1. Skipurit Skálatúns með fjölda íbúa, tegund búsetu og stöðugildum vor 2020.....	10
----------------------------------------------------------------------------------------	----

Töfluskrá

Tafla 1. Svarhlutfall starfsfólks eftir búsetueiningum og heildarsvarhlutfall.....	14
Tafla 2. Íbúarnir geta borðað í rólegheitunum og í afslöppuðu umhverfi	18
Tafla 3. Íbúarnir geta farið í bað og sturtu þegar þeir vilja	18
Tafla 4. Telur þú að það myndi henta íbúum herbergjasambýlisins betur að búa í eigin íbúð?.....	21
Tafla 5. Íbúunum líður vel á heimili sínu	21
Tafla 6. Samskipti milli íbúa heimilisins eru góð	22
Tafla 7. Íbúarnir búa með því fólki sem þeir kjósa að búa með.....	22
Tafla 8. Að hve miklu leyti telur þú þjónustuna sem íbúar heimilisins fá vera aðlagaða að þörfum hvers íbúa?.....	23
Tafla 9. Hvernig metur þú almennt þjónustuna sem íbúar heimilisins fá?	23
Tafla 10. Íbúarnir fá aðstoð við að sækja heilbrigðisþjónustu eftir vilja þeirra og þörfum	25
Tafla 11. Hvernig metur þú vinnuálagið á heimilinu?.....	26
Tafla 12. Veist þú til þess að starfsfólk heimilisins hafi verið fjarverandi frá vinnu vegna vinnuálags undanfarna 12 mánuði (að þér meðtalinni/ meðtöldum)?.....	26
Tafla 13. Veist þú til þess að starfsfólk heimilisins hafi hætt störfum vegna slæmrar aðstöðu eða of mikils álags í starfi undanfarna 12 mánuði?.....	27
Tafla 14. Íbúarnir fá aðstoð við heimilishald í samræmi við þeirra óskir	29
Tafla 15. Íbúarnir ákveða sjálfir hvað þeir borða.....	30
Tafla 16. Staðsetning atvinnu- og hæfingartengdrar þjónustu íbúa eftir búsetulengd þeirra.....	33
Tafla 17. Sú virkni sem íbúar heimilisins eru í á daginn er í samræmi við óskir þeirra og vilja	34
Tafla 18. Íbúarnir geta valið um þá virkni sem þeim hentar þegar þeir vilja.....	34
Tafla 19. Íbúarnir fá þá hæfingu, endurhæfingu eða þjálfun sem þeir þurfa.....	34

Tafla 20. Íbúarnir geta komist ferða sinna þegar þeir kjósa.....	37
Tafla 21. Íbúarnir geta gert það sem þá langar í frítíma sínum, t.d. hitt vini eða ættingja, sinnt áhugamálum sínum, sótt menningarviðburði eða aðra afþreyingu.....	37
Tafla 22. Íbúarnir geta tekið þátt í samfélaginu samkvæmt óskum þeirra.....	37
Tafla 23. Eru íbúar heimilisins með einstaklingsbundna þjónustuáætlun?.....	40
Tafla 24. Að hve miklu leyti er almennt unnið með atriði/markmið úr einstaklingsbundinni þjónustuáætlun íbúa í daglegu starfi?.....	40
Tafla 25. Haft er samráð við íbúana og tillit er tekið til skoðana þeirra þegar þjónusta við þá er skipulögð.....	41
Tafla 26. Ef gerðar eru breytingar á þjónustunni er það gert í samráði við íbúa (og persónulegan talsmann ef það á við).....	41
Tafla 27. Íbúarnir hafa áhrif á hverjir veita þeim þjónustu.....	41
Tafla 28. Undanfarin 2 ár, hefur farið fram fræðsla fyrir starfsfólkið um réttindi íbúanna samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (nr. 38/2018)?.....	44
Tafla 29. Undanfarin 2 ár, hefur farið fram fræðsla fyrir starfsfólk um hugmyndafræði um sjálfstætt líf fatlaðs fólks?.....	45

Tilmæli um úrbætur

Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar beinir því til Skálatúns, og eftir atvikum til Mosfellsbæjar, að huga að eftirfarandi þáttum er lúta að þjónustu við íbúa Skálatúns.

Búsetustaður

- Mosfellsbær leggi áherslu á að bjóða einstaklingum sem búa í herbergjasambýlum Skálatúns aðra búsetukosti í samræmi við ákvæði II til bráðabirgða í [lögum nr. 38/2018](#): „Fötludu fólki sem býr nú á stofnunum eða herbergjasambýlum skulu bjóðast aðrir búsetukostir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim í samræmi við 9. gr.“

Samfélagsþátttaka

- Styðja þarf við aukna þátttöku íbúa Skálatúns í samfélaginu, sérstaklega varðandi atvinnu- og hæfingartengda þjónustu, afþreyingu og félagslegt samneyti.
- Rýna þarf nýtingu á fjármagni Skálatúns til að tryggja nægilegan fjölda starfsfólks svo hægt sé að veita íbúum einstaklingsbundnari þjónustu og styðja betur við aukna samfélagsþátttöku.

Faglegt starf

- Í fræðsluáætlun Skálatúns fyrir árið 2021 verði lögð rík áhersla á fræðslu til starfsfólks varðandi réttindi fatlaðs fólks, hugmyndafræði um sjálfstætt líf og þjónustu til einstaklinga með geðfatlanir. Við gerð áætlunarinnar skal haft í huga að Skálatún hefur aðgang að faglegri ráðgjöf frá sveitarfélaginu sér að kostnaðarlausu.
- Rýna þarf nýtingu á fjármagni Skálatúns til að tryggja nægilegan fjölda starfsfólks svo forstöðumenn geti betur sinnt faglegum verkefnum sínum.

Skálahlið 11a

Brýn þörf er á að rýna starfsemi og skipulag herbergjasambýlisins að Skálahlið 11a en niðurstöður gáfu til kynna fjölda atriða sem þar þarf að huga að, m.a. eftirfarandi:

- Húsnæðið stórt og stofnanalegt.
- Fjöldi íbúa og þjónustuþyngd.
- Mikil starfsmannavelta og vinnuálag vegna fjölda íbúa og þjónustubarfa þeirra.
- Mjög hátt hlutfall ófaglærðra stuðningsfulltrúa.
- Þörf á fjölgun stöðugilda þroskaþjálfara.
- Slæm samskipti milli íbúa sem eiga illa saman.
- Lítið næði á matmálastímum.
- Kynna þarf einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir fyrir starfsfólki.

Önnur atriði

- Rýna þarf skipulag næturvakta til að tryggja öryggi íbúa á næturnar.
- Uppfæra þarf starfslýsingar félagsliða og sjúkraliða svo tillit sé tekið til fagþekkingar þeirra í starfi.
- Endurskoða þarf þörf íbúa fyrir persónulega talsmenn.
- Fara skal eftir 9. gr. [laga um réttindagæslu](#) um að kalla til persónulegan talsmann íbúa þegar ákvarðanir eru teknar eða breytingar gerðar á þjónustu við íbúa.

Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar óskar eftir tímasettri úrbótaáætlun frá Skálatúni í samræmi við tilmæli um úrbætur innan 10 virkra daga frá afhendingu þessarar skýrslu, skv. 5. gr. [reglugerðar um eftirlit og eftirfylgni vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 1036/2018](#).

1. Tilefni eftirlits

Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar barst bréf frá Landsamtökunum Þroskahjálps dags. 24. september 2019 þar sem óskað var eftir úttekt á þjónustu við fatlað fólk sem búsett er í Skálatúni, meðal annars m.t.t. þess hvernig þjónustan stenst kröfur sem leiða af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, aðstæðum þess og tækifærum til sjálfstæðs lífs. Einnig höfðu Gæða- og eftirlitsstofnun borist ábendingar frá fjölskyldusviði Mosfellsbæjar og réttindagæslumanni fatlaðs fólks um misbrest í þjónustu við fatlaðan einstakling í Skálatúni.

8. nóvember 2019 tilkynnti Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar yfirstjórn Skálatúns og fjölskyldusviði Mosfellsbæjar að vinna við undirbúning úttektar á þjónustu við fatlað fólk í Skálatúni væri hafin. Á tímabilinu nóvember 2019 til febrúar 2020 fór undirbúningur úttektar fram. Gagnaöflun hófst 20. febrúar og lauk 20. júlí 2020, en öflun gagna dróst lengur en áætlað var því gera þurfti hlé á viðtölum og vettvangsathugunum á tímabilinu 9. mars til 4. maí þar sem heimsóknir á starfsstaði sem heyra undir eftirlit stofnunarinnar voru lagðar niður í ljósi neyðarstígs almannavarna og samkomubanns vegna COVID-19 veirunnar.

Skálatún og Mosfellsbær fengu lokadrög skýrslunnar til yfirlstrar 25. nóvember og má sjá athugasemdir framkvæmdastjóra Skálatúns í [Fylgiskjali 1](#) og athugasemdir sviðsstjóra og forstöðumanna Skálatúns í [Fylgiskjali 2](#). Ekki bárust athugasemdir frá Mosfellsbæ. Í athugasemdum koma meðal annars fram upplýsingar um þær breytingar sem orðið hafa á starfsemi Skálatúns á þeim tíma sem liðið hefur frá gagnaöflun úttektaraðila og hafa verið gerðir smávægilegar breytingar á skýrslunni í kjölfar þess þar sem það á við.

2. Starfsemi Skálatúns


Skálatún er sjálfseignarstofnun og fer starfsemin eftir lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Í skipulagsskrá Skálatúns frá 15. maí 2019 kemur fram að markmið Skálatúns sé „að þjónusta fólk með þroskahömlun sem þörf er fyrir hverju sinni. Þjónustu í formi búsetu, dagþjónustu, rekstri vinnustofu, hvíldarinnlagna og skammtímavistana fyrir fólk með fötlun“. Skálatún er með leyfi frá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis til að starfrækja sambýli fyrir fatlaða til ársins 2029. Sótt hefur verið um starfsleyfi fyrir starfseminni til Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar og er sú umsókn til meðferðar.

Góðtemplarareglan IOGT keypti landið Skálatún í Mosfellssveit árið 1953 með það fyrir augum að reka þar heimili fyrir börn með þroskaskerðingu. Í janúar 1954 var Barnaheimili templara, eins og það hét þá, formlega stofnað og fluttu fyrstu þrjú börnin inn. Þegar mest var voru íbúar Skálatúns 58 talsins en í dag búa þar 35 einstaklingar, þar af 13 í íbúðum og 22 í herbergjasambýlum. Undanfarin ár hefur stefnan verið sú að Mosfellsbær úthluti ekki í laus rými í Skálatúni þar sem unnið er að því að fækka íbúum í herbergjasambýlum. Ekki hafði verið úthlutað í rými í Skálatúni frá árinu 2016 fyrr en nú á vormánuðum 2020, þegar nýr íbúi flutti inn í íbúð.

Árið 1958 gerðist Styrktarfélag vangefinna, nú Ás styrktarfélag, 50% eignar- og rekstraraðili að Skálatúni, sem var þó áfram sjálfseignarstofnun. Samstarfinu lauk árið 2016 þegar Ás styrktarfélag sagði sig frá rekstri Skálatúns.

Í stjórn Skálatúns sitja fimm manns til fjögurra ára í senn, allir skipaðir af Bindindissamtökunum IOGT á Íslandi. Meðan á samstarfi Skálatúns og Áss styrktarfélags stóð sátu tveir fulltrúar frá Ás í stjórn ásamt tveimur fulltrúum IOGT auk formanns stjórnar, sem var tilnefndur af landlækni. Núverandi formaður stjórnarinnar hefur sinnt stjórnarformennskunni frá árinu 1982.

Á mynd 1 má sjá skipulag starfsemi Skálatúns. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri og áætlanagerð auk ábyrgðar á framkvæmd þjónustusamnings við Mosfellsbæ í umboði stjórnar Skálatúns. Undir hann heyra sviðsstjóri þjónustusviðs og launafulltrúi. Sviðsstjóri ber ábyrgð á faglegu starfi Skálatúns, fræðslu og handleiðslu starfsmanna auk þess að veita forstöðumönnum ráðgjöf og stuðning í starfi. Undir sviðsstjóra heyra forstöðumenn búsetueininganna og dagþjónustunnar.



Mynd 1. Skipurit Skálatúns með fjölda íbúa, tegund búsetu og stöðugildum vor 2020

Á lóð Skálatúns er að finna sex búsetueiningar og er hver þeirra rekin sem sjálfstæð eining með eigin forstöðumanni og starfsmannahaldi, en hluti húsanna deilir þó næturvöktum. Skipta má búsetueiningum Skálatúns í tvo flokka. Annars vegar er um að ræða fjögur herbergjasambýli með þremur til níu einstaklingsherbergjum og sameiginlegum rýmum, Skálahlíð 7b, 11a, 13a og 13b. Sambýlinu að Skálahlíð 13a hefur nýlega verið breytt úr sex herbergja sambýli í fjögurra herbergja með sérstandandi einstaklingsíbúð. Skálahlíð 11a sker sig frá öðrum sambýlum Skálatúns vegna fjölda herbergja og þjónustuparfa einstaklinganna sem þar búa og er sú búsetueining skilgreind sem hjúkrunarsambýli. Hins vegar eru á lóðinni tveir íbúðakjarnar, Skálahlíð 11 og 13, og þeim síðarnefnda tilheyrir íbúð staðsett í húsnæði vinnustofanna að Skálahlíð 9. Íbúðakjarninn að Skálahlíð 13 var upprunalega starfsmannahúsnæði byggt í upphafi áttunda áratugarins en fyrir um 10 árum fluttu íbúar Skálatúns inn í þær fjórar íbúðir sem þar eru, en auk þeirra er í húsinu sameiginleg setustofa og geymslur. Kjarninn að Skálahlíð 11 var byggður árið 2009 og samanstendur af sex íbúðum og sameiginlegu eldhúsi og setustofu. Auk búsetueininga Skálatúns eru á lóðinni dagþjónusta, vinnustofa, gróðurhús, sundlaug og skrifstofuhúsnæði.

Félagsmálaráðuneytið hefur skilgreint Skálatún sem „altæka stofnun“, eins og fram kom í óútgefnu svari ráðuneytisins í mars 2019 við fyrirspurn umboðsmanns Alþingis um yfirlit yfir þær stofnanir og herbergjasambýli sem falla undir ákvæði II til bráðabirgða í lögum nr. 38/2018. Kemur þar fram að gengið sé út frá því að um tvær eiginlegar stofnanir sé að ræða og er Skálatún önnur þeirra. Segir þar:

Þær eru þó ekki „vistheimili“ í skilningi eldri laga, heldur eins konar klasi heimiliseininga. Engu að síður má telja þær stofnanir í fræðilegum skilningi,

þ.e. að þar býr fjöldi fatlaðs fólks (vel á fjórða tug á hvorum stað) og tilvist þeirra helgast af þeim tíma er eðlilegt þótti að haga búsetu og annarri þjónustu við fatlað fólk með þessum hætti.

Þá eru báðar stofnanirnar „altækar“¹ í þeim skilningi að þorri íbúanna á þar heima og gengur þar einnig til vinnu/hæfingar/afþreyingar, auk þess sem daglegt félagslegt samneyti fer að mestu fram innan vébanda staðarins. Sú þróun undanfarinna ára að breyta stærri heimiliseiningum í smærri breytir þessum aðstæðum aðeins að takmörkuðu leyti.

Árið 2017 lagði Skálatún fram stefnumótun 2017-2027 fyrir búsetu en ekki hefur verið unnið eftir henni nema að litlu leyti vegna fjáskorts. Þar er lagt til að herbergjasambýlin verði lögð niður í núverandi mynd. Undantekning frá því er Skálahlíð 11a en lagt er til að þeirri búsetueiningu verði skipt upp í þrjár smærri einingar fyrir tvo eða þrjá einstaklinga hver. Í stefnumótuninni kemur jafnframt fram að markhópur búsetunnar verði fólk með þroskahömlun sem þarfnast hjúkrunar- og/eða öldrunarþjónustu. Skálatún þjónaði upphaflega börnum með þroskahömlun en með hækkandi aldri íbúa hefur starfsemin þróast í þjónustu við fullorðið og aldrað fólk og er meðalaldur íbúa í dag 55 ár. Þar af leiðandi hefur sívaxandi hluti þjónustunnar falið í sér hjúkrunar- og öldrunarþjónustu.

Samningur milli Mosfellsbæjar og Skálatúns um þjónustu við íbúa Skálatúns-heimilisins og fólk í hæfingu gildi frá 1. janúar 2012 til 31. desember 2014. Ósamkomulag milli aðila um fjárhagsleg atriði samningsins hefur staðið í vegi fyrir undirritun nýs samnings en þrátt fyrir það hefur haldist samningssamband milli aðila á grundvelli hins útrunna samnings. Þar kemur fram að tilgangur samningsins sé „að tryggja fötluðum íbúum og notendum vinnustofa Skálatúns-heimilisins þjónustu samkvæmt þjónustupörf hvers og eins þannig að þeir geti lifað eins eðlilegu og sjálfstæðu lífi og unnt er“.

Félagsmálaráðuneytið og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hafa unnið að sáttum milli Skálatúns og Mosfellsbæjar frá janúar 2019 sem lið í endurnýjun þjónustusamningsins. Hluti af þeirri vinnu var rekstrar- og fjárhagsúttekt HLH ehf. á þjónustu Skálatúns og var markmið hennar „að fá yfirsýn yfir fjármál og starfsemi sem leiðir til sjálfbærni í rekstri sjálfseignarstofnunarinnar, hvað varðar þjónustu við fatlað fólk“. Niðurstöður skýrslunnar hafa verið nýttar í áframhaldandi vinnu af hálfu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og var sérfræðingur fenginn til að vinna þriggja ára rekstraráætlun um starfsemi Skálatúns, sem kynnt var í mars 2020. Í kjölfarið var viðkomandi ráðinn tímabundið sem framkvæmdastjóri Skálatúns þegar þáverandi framkvæmdastjóri fór í langtímaleyfi á vormánuðum 2020. Á meðan á vinnslu úttektarskýrslunnar stóð fengust upplýsingar frá Skálatúni um að fyrri framkvæmdastjóri myndi ekki snúa aftur til starfa.

¹ Goffman, E. (1961). *Asylums: Essays on the social situations of mental patients and other inmates*. New York: Anchor Books.

3. Réttindi fatlaðs fólks

Á þeim tíma sem Skálatún hefur verið við líði hafa miklar breytingar orðið á réttindum fatlaðs fólks eins og kemur fram í greinargerð við frumvarpi til laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018:

Margt hefur breyst á þeim rúmu 20 árum sem liðin eru síðan lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um málefni fatlaðs fólks voru sett, þau fyrri árið 1991 og þau seinni árið eftir. Hugmyndafræðin að baki þjónustunni hefur breyst sem og notendahópurinn. Verkefni sveitarfélaganna hafa aukist og breyst, til að mynda þegar þau tóku yfir þjónustu við fatlað fólk árið 2011 og ábyrgð sveitarfélaganna jókst. Ný nálgun í velferðarþjónustu og mannréttindamálum hefur einnig rutt sér til rúms á þessum tíma, sbr. breyting á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar árið 1995, lögfesting mannréttindasáttmála Evrópu árið 1994 og undirritun samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2007 og fullgilding hans árið 2016.

Með fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna (SP) árið 2016 skuldbatt Ísland sig til að framfylgja ákvæðum samningsins. Í 1. gr. laga nr. 38/2018 og í 1. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er skylda stjórnvalda til að framfylgja ákvæðum samnings SP sérstaklega árétuð og fest í lög. Þar segir: „Við framkvæmd laga þessara skal framfylgt þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks“.

Markmið [samnings SP](#) „er að efla, verja og tryggja full og jöfn mannréttindi og grundvallarfrælsi fyrir allt fatlað fólk til jafns við aðra, jafnframt því að efla og vinna að virðingu fyrir eðlislægri mannlegri reisn þess“. Í samningnum er lögð mikil áhersla á skyldur ríkja til að tryggja að fatlað fólk njóti sjálfsákvörðunar-réttar og gerhæfis til jafns við annað fólk og hafi sömu möguleika á sjálfstæðu lífi og aðrir, sbr. 12. gr. um réttarstöðu til jafns við aðra og 19. gr. um að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu. Nefnd SP um réttindi fatlaðs fólks fjallar ítarlega um 19. grein samnings SP í [almennum athugasemdum](#) við greinina. Þar er meðal annars fjallað um þá kröfu til ríkja að þau tryggi að allri þjónustu við fatlað fólk sé hagað með þeim hætti að þeim séu tryggð þau mannréttindi að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu. Einn liður í því er að hverfa frá svokallaðri stofnanþjónustu við fatlað fólk og leggja stofnanir niður.

Í [Þingsályktun um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021](#), sem samþykkt var á Alþingi 31. maí 2017, er mörkuð sú stefna að leggja skuli niður herbergjasambýli og að “[s]érstaklega verði hugað að stöðu ungs fólks þegar það hefur sjálfstætt líf og áætlunum framfylgt um að útrýma herbergjasambýlum í áföngum.“

Í 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 segir:

Fatlað fólk á rétt á húsnæði í samræmi við þarfir þess og óskir og félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og stuðlar að fullri aðlögun þess og þátttöku í samfélaginu [...] Fatlað fólk á rétt á því að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra. Óheimilt er að binda þjónustu við fatlað fólk því skilyrði að það búi í tilteknu búsetuformi.

Þá segir í ákvæði II til bráðabirgða í lögum nr. 38/2018: „Fötludu fólki sem býr nú á stofnunum eða herbergjasambýlum skulu bjóðast aðrir búsetukostir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim í samræmi við 9. gr.“

Fjallað er ítrekað um sjálfstætt líf í lögum um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og er markmið laganna:

að fatlað fólk eigi kost á bestu þjónustu sem unnt er að veita á hverjum tíma til að koma til móts við sértækar stuðningsþarfir þess. Þjónustan skal miða að því að fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning til þess að það geti notið fullra mannréttinda til jafns við aðra og skapa því skilyrði til sjálfstæðs lífs á eigin forsendum. Við framkvæmd þjónustu við fatlað fólk skal virðing borin fyrir mannlegri reisn þess, sjálfræði og sjálfstæði.

Samkvæmt 5. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 bera sveitarfélög ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, hvort sem hún er veitt af hálfu starfsmanna sveitarfélags eða af einkaaðilum sem samið hefur verið við. Sveitarfélögin bera ábyrgð á innra eftirliti með framkvæmd þjónustunnar og gildir það líka um framkvæmd samninga sem sveitarfélögin gera við þjónustu- eða rekstraraðila um þjónustuna. Félags- og barnamálaráðherra hefur síðan eftirlit með framkvæmd laganna, þ.e. að þjónusta sveitarfélaga og annarra aðila samkvæmt lögum nr. 38/2018 sé í samræmi við markmið þeirra. Um eftirlitið gildir reglugerð um eftirlit og eftirfylgni vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 1036/2018. Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar sinnir m.a. eftirlitsverkefnum af þessu tagi fyrir hönd ráðherra. Í 2. gr. reglugerðar nr. 1036/2018 segir um markmið eftirlitsins:

Eftirlit með framkvæmd þjónustu við fatlað fólk skal miða að því að fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning til þess að geta notið fullra mannréttinda til jafns við aðra og að því séu sköpuð skilyrði til sjálfstæðs lífs á eigin forsendum. Með virku eftirliti er stuðlað að því að skuldbindingar á sviði mannréttindamála og lög og reglugerðir settar samkvæmt þeim nái markmiði sínu auk þess að tryggja réttindi fatlaðs fólks. Markmið eftirlitsins er jafnframt að safna og miðla upplýsingum til að tryggja fötludum einstaklingum sambærilega þjónustu í ljósi ólíkra þarfa og óháð búsetu.

4. Framkvæmd úttektar

Meginmarkmið úttektar á þjónustu við íbúa í Skálatúni var að afla upplýsinga um starfsemi Skálatúns, að fá fram upplifun og reynslu einstaklinga af búsetu á heimili sínu og að leggja mat á hvort og þá hvernig þjónustan stuðlar að sjálfstæðu lífi íbúa og almennri þátttöku þeirra í samfélaginu. Til að gæta þess að úttektin varpi ljósi á gæði þjónustunnar var stuðst við [Gæðaviðmið fyrir félagslega þjónustu við fatlað fólk](#) við framkvæmd og gagnaúrvinnslu úttektarinnar. Til að fá heildræna mynd af starfsemi Skálatúns og þjónustu við einstaklingana sem þar búa var rætt við fjölda aðila og fjölbreyttum aðferðum beitt við framkvæmd úttektar.

Við upphaf úttektar fóru fram upplýsingaviðtöl í Skálatúni, annars vegar með sviðsstjóra, sem einnig er forstöðumaður, og þremur öðrum forstöðumönnum og hins vegar með fráfarandi framkvæmdastjóra. Síðar var rætt við nýjan framkvæmdastjóra sem hóf störf á meðan á úttektinni stóð. Einnig var rætt við verkefnastjóra gæða- og þróunar hjá bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar, réttinda-gæslumann fatlaðs fólks og framkvæmdastjóra Áss styrktarfélags. Jafnframt voru framkvæmd einstaklingsviðtöl við alla sex forstöðumenn Skálatúns. Einnig fór fram spurningakönnun meðal starfsfólks Skálatúns en alls samþykktu 73 af um 100 starfsmönnum þátttöku í spurningakönnuninni og bárust í heildina 57 svör, sem gerir 78% svarhlutfall (sjá töflu 1).

Tafla 1. Svarhlutfall starfsfólks eftir búsetueiningum og heildarsvarhlutfall²

	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi á tölvupóstlista	Svarhlutfall
Skálahlíð 7b	11	12	92%
Skálahlíð 11	8	10	80%
Skálahlíð 11a	17	23	70%
Skálahlíð 13 og 9	5	12	71%
Skálahlíð 13a	7	7	100%
Skálahlíð 13b	6	9	67%
Vil ekki svara	3		
Heildar svarhlutfall	57	73	78%

Þá voru framkvæmd viðtöl við fimm íbúa Skálatúns og höfðu fjórir þeirra einhvern sér til stuðnings í viðtalinu. Tveir höfðu persónulegan talsmann sinn með sér og tveir höfðu starfsmann Skálatúns en það er mat úttektaraðila að í öllum tilfellum hafi íbúar rætt óhindrað um mál sín óháð því hverjir voru þeim til stuðnings. Gætt var að því að ræða bæði við íbúa herbergjasambýla og íbúðakjarna og höfðu þeir síðarnefndu allir reynslu af því að búa á herbergjasambýli Skálatúns. Þá var lögð áhersla á að ræða bæði við einstaklinga sem höfðu búið lengi í Skálatúni og þá

² Svör starfsfólks Skálahlíðar 9 og Skálahlíðar 13 voru sameinuð til að gæta þess að svör starfsfólks Skálahlíðar 9 séu ekki persónurekjanleg, þar sem eingöngu er um einn íbúa og fáliðaðan starfshóp að ræða. Sami forstöðumaðurinn veitir þessum tveimur búsetueiningum forstöðu.

sem höfðu styttri búsetutíma. Til viðbótar við viðtölin við íbúana fimm áttu úttektaraðilar stutt samtöl við aðra fimm íbúa um búsetu þeirra í Skálatúni, áhugamál og virkni auk samtals við persónulegan talsmann eins íbúa.

Í tengslum við viðtöl forstöðumanna og íbúa fóru fram vettvangsathuganir á búsetueiningum Skálatúns. Fólu þær í sér athugun á persónulegum rýmum þeirra einstaklinga sem gáfu leyfi fyrir því auk sameiginlegra rýma og aðstöðu starfsfólks. Einnig fór fram athugun á samskiptum íbúa og þess starfsfólks sem var viðstatt þegar vettvangsathuganir og viðtöl fóru fram. Jafnframt var framkvæmd vettvangsathugun á dagþjónustu og vinnustofu Skálatúns og rætt við forstöðumann dagþjónustu um starfsemina þar.

5. Niðurstöður

Niðurstöður úttektarinnar byggja á viðtölum við einstaklinga sem búa í Skálatúni, persónulega talsmenn þeirra, forstöðumenn og stjórnendur Skálatúns auk annarra lykilaðila ásamt gögnum úr spurningakönnun meðal starfsfólks og vettvangsathugunum úttektaraðila. Við framkvæmd og gagnaúrvinnslu úttektar var notast við [Gæðaviðmið fyrir félagslega þjónustu við fatlað fólk](#). Niðurstöðum er hér skipt upp í kafla eftir þeim gæðavísnum sem við eiga í úttekt á þjónustu við íbúa Skálatúns í samræmi við markmið úttektarinnar. Tilvitnanir í lög vísa til laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, nema annað sé tekið fram.

5.1 Heimilið

1. mgr. 9. gr.: Fatlað fólk á rétt á húsnæði í samræmi við þarfir þess og óskir og félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og stuðlar að fullri aðlögun þess og þátttöku í samfélaginu. [...]

Gæðavísar 1.4 - Heimilið

- 1.4.1 Ég vel það sem er á mínu heimili, eins og til dæmis húsgögn og skraut.
- 1.4.2 Ég ræð því hvernig heimili mitt lítur út.
- 1.4.3 Ég er með hjálpartæki og aðrar tæknilegar lausnir sem ég þarf og vil hafa heima hjá mér.
- 1.4.4 Ég hef nóg pláss heima hjá mér.
- 1.4.5 Einkarýmið mitt heima hjá mér er eins og ég þarf og vil.
- 1.4.6 Ég hef nógu mikið rými til að bjóða gestum í heimsókn.
- 1.4.7 Ég hef mitt eigið baðherbergi með klósetti, baði og/eða sturtu.
- 1.4.8 Ég kemst auðveldlega á klósettið heima hjá mér og get notað það þegar ég þarf.
- 1.4.9 Heimili mitt er laust við óþægilegan hávaða.
- 1.4.10 Heimilið mitt er öruggur staður þar sem ég get geymt eigur mínar.

Á lóð Skálatúns er fjögur herbergjasambýli (Skálahlíð 7b, 11a, 13a og 13b, en í nr. 13a er einnig frístandandi íbúð) og tveir íbúðakjarnar (Skálahlíð 11 og 13, en nr. 13 fylgir frístandandi íbúð í Skálahlíð 9). Stærð á persónulegum rýmum íbúa er misstórt eftir búsetueiningum. Í þremur herbergjasambýlanna, Skálahlíð 7b, 13a og 13b, eru fjögur til sex herbergi og eru þau mjög lítil, 13 m². Inn af herbergjunum er lítið einkabaðherbergi sem samanstendur af salerni og vaski en aðstaða til böðunar er sameiginleg. Forstöðumenn töldu það ganga vel að deila sturtuáðstöðu og sagði einn þeirra alla íbúa heimilisins fara í sturtu daglega en það sé misjafnt hvenær dags einstaklingarnir kjósi að fara í sturtu og að óskir um baðtíma skarist því ekki. Viðmælandi úr hópi íbúa sagðist alltaf geta notað sturtuna þegar hann þyrfti að nota hana. Í opnum spurningum í spurningalista starfsfólks skrifaði einn

starfsmaður herbergjasambýlis: „Mér finnst klósettið inni í herbergjunum þeirra vera frekar lítið og erfitt að athafna sig inn á þeim“.

Eitt herbergjasambýlanna, Skálahlíð 11a, sker sig frá hinum en þar eru tíu herbergi og tvö sameiginleg svæði og er það rekið sem hjúkrunarsambýli. Samkvæmt forstöðumanni þess heimilis var húsnæðið byggt árið 1997 til að mæta þörfum þeirra íbúa sem þar búa. Einkarými hvers einstaklings er stærra en í hinum sambýlunum, 16 m², en þeim tilheyrir ekki einkabaðherbergi heldur deila tveir hverri salernisaðstöðu sem staðsett er á milli hverra tveggja herbergja og er innangengt í hana úr báðum herbergjum. Af hverjum tveimur íbúum sem deila salernisaðstöðu notast þó einungis annar þeirra við klósett. Í húsinu eru tvö sameiginleg rými til böðunar fyrir alla íbúana.

Persónuleg rými þeirra sem búa í íbúðum í Skálatúni eru mun stærri en þeirra sem búa í herbergjasambýlunum, eða 42-73,3 m². Íbúðirnar eru allar tveggja herbergja íbúðir með eldhúsi og stofu í opnu rými og fullbúna baðherbergi. Þar að auki er útgengt í lítinn einkagarðskika frá hverri íbúð annars kjarnans. Íbúðarkjarnarnir eru með sameiginleg rými sem einstaklingarnir sækja mismikið í, en forstöðumaður annars kjarnans sagði sameiginlegt rými hans vera mikið notað af íbúum. Forstöðumaður hins kjarnans sagði flesta íbúana hafa náð að tileinka sér að búa í íbúðum eftir að hafa flutt þangað úr herbergjasambýlum Skálatúns en þó hafi tveir íbúar átt erfiðast með það og sæki enn mikið í sameiginlegt rými kjarnans. Forstöðumaðurinn sagðist vilja óska þess að einstaklingarnir hefðu flutt í íbúðakjarna áratugum fyrr svo þeir hefðu átt auðveldara með að tileinka sér þetta búsetuform. Þá væri ekki verið jafn mikil þörf fyrir svo stórt sameiginlegt rými eins og er að finna í húsinu en að „hópurinn sem býr hér núna þarf á þessu sameiginlega rými að halda“. Hann sagði íbúafundi haldna tvisvar á ári þar sem rædd væru ýmis málafni og færi þar meðal annars fram kosning um hvort og þá hversu reglulega íbúar kjarnans borði kvöldverð saman í sameiginlegu rými. Hafa þeir komið sér saman um að borða þar saman einu sinni í viku.

Í öllum persónulegum rýmum sem úttektaraðilar fengu leyfi íbúa til að skoða mátti sjá áhugamál íbúanna og persónuleika þeirra fá að njóta sín. Engin tvö rými voru eins innréttuð og öll voru þau snyrtileg og heimilisleg, hvort heldur sem um var að ræða íbúð eða herbergi í sambýli. Einstaklingar sem spurðir voru út í húsgögn sín og raftæki sögðust allir hafa valið þau sjálfir og minnst sumir einnig á húsgögn eða raftæki sem þeir stefndu að því að kaupa. Við skoðun á einkarýmum einstaklinganna gætti stolts og ánægju hjá mörgum þeirra, bæði þeirra sem bjuggu í íbúð og í herbergjasambýli. Sameiginleg rými voru einnig almennt heimilisleg og snyrtileg en þó skar Skálahlíð 11a úr öðrum búsetueiningum, þar sem langir gangar hússins minna frekar á stofnun en heimili. Íbúi í herbergjasambýli sem rætt var við tiltók að honum þætti herbergi sitt fínt og að honum þætti gott að vera með stórt rúm. Viðmælandi sem bjó í íbúð var sjáanlega stoltur af heimili sínu og húsmunum og ræddi meðal annars um gluggatjöld sem hann langaði í og hvaða lit hann hefði valið fyrir svefnherbergið, en mála átti íbúðina á meðan íbúinn væri á ferðalagi um sumarið.

Í spurningakönnun meðal starfsfólks Skálatúns var meðal annars spurt um aðstæður einstaklinga á matsmálstímum, sjá töflu 2. Stór hluti starfsfólks (77%) taldi íbúa þess heimilis sem þeir störfuðu við alltaf eða oftast geta borðað í rólegheitunum og í afslöppuðu umhverfi. Athygli vekur að þeir sem töldu einstaklingana stundum, sjaldan eða aldrei geta borðað í rólegheitunum og í afslöppuðu umhverfi starfa allir í sama herbergjasambýlinu að Skálahlíð 11a.

Tafla 2. Íbúarnir geta borðað í rólegheitunum og í afslöppuðu umhverfi

	Fjöldi	Hlutfall
Alltaf	27	56,3%
Oftast	10	20,8%
Stundum	7	14,6%
Sjaldan	3	6,3%
Aldrei	1	2,1%
Fjöldi svara	48	100%

Aðspurð um aðstöðu einstaklinga til að sinna persónulegu hreinlæti töldu flestir starfsmenn (83%) íbúa þess heimilis sem þeir starfa við annaðhvort alltaf eða oftast geta farið í bað eða sturtu þegar þeir vilja, sjá töflu 3. Átta starfsmenn (17%) sögðu íbúana stundum, sjaldan eða aldrei geta farið í bað eða sturtu þegar þeir vilja og starfa þeir allir í Skálahlíð 11a.

Tafla 3. Íbúarnir geta farið í bað og sturtu þegar þeir vilja

	Fjöldi	Hlutfall
Alltaf	25	53,2%
Oftast	14	29,8%
Stundum	4	8,5%
Sjaldan	3	6,4%
Aldrei	1	2,1%
Fjöldi svara	47	100%

Í vettvangsathugunum úttektaraðila kom bersýnilega fram munur á heimili einstaklinganna, persónulegu rými þeirra og næði eftir því hvort þeir bjuggu í herbergjasambýli eða í íbúð. Við framkvæmd viðtalanna við íbúa voru oftast fjórir aðilar viðstaddir; tveir úttektaraðilar, viðmælandi og stuðningsaðili viðmælanda. Þrengra var um hópinn og næði var minna í þeim viðtölum sem fóru fram í sameiginlegu rými herbergjasambýla en í íbúðum, þar sem aðrir íbúar gengu um heimili sín og starfsfólk sinni störfum sínum eins og þeirra er venja. Varð því oft margt um manninn í sameiginlegu rýmum. Í einu tilfelli gaf einstaklingur sem ekki var viðmælandi þann daginn það skýrt til kynna að ónæði væri af hópnum og hann kysi að hafa okkur ekki inni á heimili sínu. Viðkomandi hafði sýnt mun jákvæðara viðmót við heimsókn úttektaraðila við annað tilfelli þegar hann hafði átt von á okkur. Dæmi var um að viðtöl sem fóru fram á meðan aðrir íbúar heimilisins voru ekki heima hafi endað þegar þeir komu heim og ekki lengur nægilegt næði til að ræða saman. Í viðtölum sem fram fóru í íbúðum var gott rými til að taka á móti úttektaraðilum, næði var meira og engir utanaðkomandi þættir höfðu áhrif á hvenær viðtölum lauk.

Mörg húsanna á lóð Skálatúns eru komin til ára sinna og eru heimilin í misgóðu ástandi og mátti m.a. sjá skýr ummerki rakaskemmda í herbergi í einu

sambýlanna. Húsin eru mörg hver í þörf fyrir endurbætur og gætti mikillar óánægju meðal forstöðumanna með ástand eldra húsa á lóðinni. Nýr framkvæmdastjóri Skálatúns tók undir þessi orð forstöðumanna og sagðist hafa strax við upphaf starfs síns í vor látið lagfæra ýmislegt smávægilegt sem forstöðumenn hefðu óskað eftir árum saman. Þá tók hann fram að verið væri að skipuleggja stærri framkvæmdir og lagfæringar og að sótt hafi verið um styrk til Jöfnunarsjóðs fyrir endurbótum á húsnæði Skálatúns.

Allt frá stofnun og þar til fyrir fáeinum árum síðan hefur búseta Skálatúns borið heitið *Skálatúnsheimilið* en samkvæmt upplýsingum fráfarandi framkvæmdastjóra var nýlega ákveðið að vísa frekar til hverrar einingar fyrir sig til að leggja áherslu á að um sé að ræða heimili einstaklinga en ekki stofnun. Hver búsetueining hefur sitt eigið heiti, t.d. Austurhlíð, Norðurhlíð og Fagrahlíð, en samkvæmt forstöðumönnum er verið að taka upp notkun á heimilisföngum húsa í staðinn „til að undirstrika að um heimili fólks sé að ræða“. Í viðtölum notuðu viðmælendur þó enn að mestu leyti heiti heimilanna. Fráfarandi framkvæmdastjóri sagðist hafa sent erindi til skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar í mars 2019 og óskaði eftir því að breyta skráningu lóðarinnar úr stofnaloð í íbúðarlóðir þar sem í Skálatúni byggju íbúar en ekki væri um að ræða stofnun. Skráning lóðar hefur m.a. áhrif á sorphirðu, póstburð og snjómokstur en nú er póstur íbúa borinn út til skrifstofuhúsnæðisins á lóðinni í stað viðeigandi heimila og sorphirða fer fram á einum stað á svæðinu. Úttektaraðilar sáu dæmi þess að íbúar gengu nokkurn spöl með sorp frá heimili sínu að sorpgámi á lóðinni. Þá benti fráfarandi framkvæmdastjóri einnig á að fasteignagjöld væru mun hærri þegar um stofnaloð væri að ræða. Í athugasemdum framkvæmdastjóra í [Fylgiskjali 1](#) kemur fram að breyting á skráningu lóðar hafi átt sér stað í júní síðastliðinn og flokkist nú sem íbúðaloðir. Einnig upplýsti framkvæmdastjóri um að unnið sé að því að fá sér sorptunnur við hverja byggingu og það sama eigi við um póstinn.

Samantekt

Búsetueiningarnar voru almennt heimilislegar og persónuleiki og áhugamál íbúa nutu sýn í einkarýmum þeirra en brýn þörf er fyrir endurbætur í mörgum húsa. Mikill munur var á stærðum einkarýma, aðstöðu til böðunar og næði einstaklinganna eftir því hvort þeir bjuggu í herbergjasambýli eða íbúðakjarna. Niðurstöður könnunar sýndu að íbúar Skálahlíðar 11a hafa minna næði á matmálstímum en íbúar annarra búsetueininga Skálatúns og hafi síður tækifæri til að baða sig þegar þeir vilja.

5.2 Búsetustaður og sambýlisfólk

2. mgr. 9. gr.: Fatlað fólk á rétt á því að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra.

Ákvæði II til bráðabirgða: Fötluðu fólki sem býr nú á stofnunum eða herbergjasambýlum skulu bjóðast aðrir búsetukostir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim í samræmi við 9. gr.

Gæðavísar 2.3 - Búsetustaður og sambýlisfólk

2.3.1 Ég ræð hvar ég á heima.

2.3.2 Ég bý með því fólki sem ég vil búa með.

2.3.3 Ef ég bý á herbergjasambýli þá hefur mér verið boðin önnur búseta.

Stærstur hluti íbúanna hefur búið í Skálatúni áratugum saman, margir hverjir frá barnsaldri, og er meðallengd búsetu þeirra sem þar nú búa 36 ár. Sjö einstaklingar hafa flutt í Skálatún frá árinu 2010 og sá síðasti flutti inn í íbúð vorið 2020. Fyrir þann tíma hafði nýr einstaklingur ekki flutt inn síðan 2016 og flutti sá einstaklingur inn í herbergjasambýli. Unnið er að því að fækka einstaklingum í herbergjasambýlunum með því að úthluta þeim íbúðum innan Skálatúns þegar þær losna og með því að úthluta ekki nýjum einstaklingum húsnæði í Skálatúni. Þó var gerð undantekning á því á þessu ári. Þá er einnig stefnt að því að breyta núverandi herbergjasambýlum í íbúðakjarna að sögn fráfarandi framkvæmdastjóra en til að það sé mögulegt þurfi að koma til frekara fjármagn. Nýr framkvæmdastjóri hefur áætlanir um breytingar til fjölgunar íbúða á svæðinu.

Flestir viðmælenda úr hópi íbúa höfðu búið á fleiri en einum stað innan Skálatúns og höfðu tveir þeirra búið áður í herbergjasambýli en búa nú í íbúð. Aðspurðir um hvort þeim þætti betra sögðu báðir að þeim fyndist best að búa einn í íbúð og tók annar þeirra mjög skýrt fram að hann vildi ekki flytja aftur í herbergjasambýli. Þá tók annar þeirra sérstaklega fram að hann væri ánægður með að vera núna með sér herbergi og sturtu. Einn þeirra sem rætt var við hafði flutt á milli íbúða vegna slæms aðgengis í fyrra húsnæðinu og var mun ánægðari með aðgengi að nýju íbúðinni. Þegar einstaklingur sem býr í herbergjasambýli var spurður hvort hann myndi vilja búa á sambýli eða í íbúð með aðstoð frá starfsfólki sagðist hann vera „til í að búa í íbúð ef hún væri í boði“.

Starfsfólk herbergjasambýlanna var spurt hvort það teldi það myndi henta íbúum heimilisins betur að búa í eigin íbúð. Eins og sjá má í töflu 4 taldi meirihluti svarenda (64%) það myndi henta sumum betur að búa í eigin íbúð og einn starfsmaður taldi það myndi henta öllum einstaklingunum betur. Þá töldu níu starfsmenn (32%) að það myndi ekki henta neinum íbúa herbergjasambýlisins. Við nánari greiningu mátti sjá nokkuð jafna dreifingu á svörum eftir því hvaða sambýli viðkomandi starfar við, en þó voru hlutfallslega fleiri svarendur úr hópi starfsfólks Skálahlíðar 11a sem töldu henta sumum íbúanna betur að búa í íbúð.

Tafla 4. Telur þú að það myndi henta íbúum herbergjasambýlisins betur að búa í eigin íbúð?

	Fjöldi	Hlutfall
Já, öllum	1	3,6%
Já, sumum	18	64,3%
Nei, engum	9	32,1%
Fjöldi svara	28	100%
Veit ekki	4	
Alls	32	

Aðspurður um hvort það myndi henta einhverjum einstaklinganna í herbergjasambýlum Skálatúns að búa í íbúð sagði einn forstöðumannanna: „Geta ekki allir búið einir ef það er rétta þjónustan?“ Annar forstöðumaður sagði marga íbúa á svæðinu þó orðna það aldraða að þeir myndu illa þola svo miklar breytingar sem flutningar fælu í sér. Nokkrir viðmælendanna nefndu sérstaklega einn einstakling sem hentar mjög illa að búa í herbergjasambýli og hafi margítrekað skapast árekrar á heimilinu vegna þess. Fram kom í viðtölum að einstaklingurinn væri á biðlista hjá sveitarfélaginu eftir eigin íbúð. Við lokafrágang skýrslunnar upplýsti framkvæmdastjóri um að áætlað sé að einstaklingurinn flytji í eigin íbúð í Skálatúni sem verður tilbúin með vorinu 2021.

Í könnuninni var starfsfólk spurt um líðan og samskipti einstaklinganna á heimili sínu. Stærstur hluti (86%) taldi einstaklingunum alltaf eða oftast líða vel á heimili sínu, sjá töflu 5. Þá taldi stór hluti svarenda (73%) samskipti milli einstaklinganna oftast eða alltaf vera góð, eins og sjá má í töflu 6. Í opinni spurningu um hvað svarandi teldi hafa neikvæð áhrif á samskipti einstaklinganna kom ítrekað fram á meðal starfsfólks Skálahlíðar 11a að sumum komi ekki vel saman og bætti einn við að „ef þeir fengju að ráða myndu þeir ekki búa saman“. Annar sagði: „Margir á heimilinu hafa ekki áhuga á að búa saman“. Starfsmenn annarra búsetueininga sögðu mismunandi fötlun einstaklinganna (Skálahlíð 13 og 13a) og aldursbil og hve ólíkir einstaklingarnir væru (Skálahlíð 13b) hafa neikvæð áhrif á samskiptin.

Tafla 5. Íbúunum líður vel á heimili sínu

	Fjöldi	Hlutfall
Alltaf	22	51,2%
Oftast	15	34,9%
Stundum	4	9,3%
Sjaldan	2	4,7%
Aldrei	0	0%
Fjöldi svara	43	100%
Veit ekki	5	
Alls	48	

Tafla 6. Samskipti milli íbúa heimilisins eru góð

	Fjöldi	Hlutfall
Alltaf	9	20,0%
Oftast	24	53,3%
Stundum	8	17,8%
Sjaldan	4	8,9%
Aldrei	0	0%
Fjöldi svara	45	100%
Veit ekki	3	
Alls	48	

Svör starfsfólks við því hvort einstaklingarnir búi með því fólki sem þeir kjósi að búa með dreifðust nokkuð, eins og sjá má í töflu 7, en þó töldu flestir, eða tíu svarendur (32%) það sjaldan eiga við.

Tafla 7. Íbúarnir búa með því fólki sem þeir kjósa að búa með

	Fjöldi	Hlutfall
Alltaf	7	22,6%
Oftast	6	19,4%
Stundum	5	16,1%
Sjaldan	10	32,3%
Aldrei	3	9,7%
Fjöldi svara	31	100%
Veit ekki	16	
Alls	47	

Allir íbúarnir sem rætt var við sögðu að þeim liði vel á heimili sínu, bæði íbúar herbergjasambýla og íbúða. Allir voru þeir í góðum samskiptum við alla eða flesta nágranna sína og sögðu allir einhverja úr hópi nágranna sinna vera bestu vini sína. Sumir íbúar herbergjasambýlanna nefndu þó ónæði af öðrum íbúum sem þeir verða fyrir á heimili sínu. Viðmælandi sem býr í herbergjasambýli sagði stundum mikinn hávaða vera í öðrum íbúum heimilisins sem trúfli hann. Þá fer hann inn í herbergi sitt, lokar að sér og kveikir á tónlist til að heyra ekki hávaðann frá þeim. „Ég þarf ekki að heyra læti þegar ég syng inn í herbergi“, eins og hann orðaði það. Viðmælandinn sagðist stundum láta starfsfólk vita að hávaðinn trúfli hann. Einn einstaklinganna sem úttektaraðilar áttu stutt spjall við og bjó á herbergjasambýli hafði undanfarið eytt mun meiri tíma inni á herbergi sínu en áður og sótti nú lítið sem ekkert í sameiginlega aðstöðu hússins. Forstöðumaðurinn sagði þetta vera dæmi um vanda herbergjasambýla: „Viltu sitja inni í stofu með fólki sem þú valdir ekki að búa með eða vera einn inni í herbergi?“.

Samantekt

Niðurstöðurnar gefa til kynna að íbúum Skálatúns líði almennt vel á heimilum sínum óháð búsetutegund og þeir eigi flestir í góðum samskiptum við nágranna sína. Þá sýna niðurstöðurnar þó einnig áskoranir sem felast í því að búa á herbergjasambýli, m.a. ónæði, samskiptavandi og ólíkir einstaklingar sem ekki kjósa að búa saman. Hátt hlutfall starfsfólks telur að það myndi henta sumum íbúum herbergjasambýlanna betur að búa í íbúð.

5.3 Nægileg þjónusta

2. mgr. 30. gr.: Sveitarfélög skulu tryggja að verklag og leiðbeiningar til starfsfólks miði að því að tryggja jafnræði í þjónustunni og að þjónustan sem veitt er sé nægjanleg miðað við þarfir umsækjanda.

Gæðavísar 1.12 – Nægileg þjónusta

- 1.12.1 Ég fæ hjálpartæki og aðrar tæknilegar lausnir eða aðstoð sem ég þarf og vil til að lifa sjálfstæðu lífi.
- 1.12.2 Stuðningur og þjónusta sem ég fæ uppfylla þarfir mínar.
- 1.12.3 Ég ræð hvernig lífi ég lífi.
- 1.12.4 Ég fæ aðstoð við að fá heilbrigðisþjónustu þegar ég vil.

Starfsfólkið sem tók þátt í spurningakönnuninni taldi flest (78%) þjónustuna vera að öllu eða miklu leyti aðlagaða að þörfum hvers íbúa, eins og sjá má á töflu 8. Þá mátu einnig flestir svarendur (73%) íbúana fá hæfilega mikla þjónustu, sjá töflu 9. Yfir fjórðungur svarenda (27%) taldi íbúana stundum eða oft fá of litla þjónustu og starfsmennirnir fimm sem töldu íbúana oft fá of litla þjónustu störfuðu allir við Skálahlíð 11a.

Tafla 8. Að hve miklu leyti telur þú þjónustuna sem íbúar heimilisins fá vera aðlagaða að þörfum hvers íbúa?

	Fjöldi	Hlutfall
Að öllu leyti	17	33,3%
Að miklu leyti	23	45,1%
Að nokkru leyti	6	11,8%
Að litlu leyti	5	9,8%
Á engan hátt	0	0%
Fjöldi svara	51	100%
Veit ekki	3	
Alls	54	

Tafla 9. Hvernig metur þú almennt þjónustuna sem íbúar heimilisins fá?

	Fjöldi	Hlutfall
Oft of mikil	0	0%
Stundum of mikil	0	0%
Hæfilega mikil	37	72,5%
Stundum of lítil	9	17,6%
Oft of lítil	5	9,8%
Fjöldi svara	51	100%
Vil ekki svara	1	
Veit ekki	2	
Alls	54	

Þeir svarendur könnunarinnar sem töldu þjónustuna ekki hæfilega mikla voru spurðir nánar í opinni spurningu hvað þeir teldu að þyrfti að breytast til að hún væri hæfileg. Þó nokkrir nefndu að þörf væri á einstaklingsbundnari þjónustu, flestir úr hópi starfsfólks Skálahlíðar 11a. Einn þeirra sagði: „Það vantar meira einstaklingsmiðaða þjónustu þar sem þau eru ekki að fá næga þjónustu sem snýst að þeirra áhugasviði og getu“. Annar taldi „hægt að gera þjónustuna meira

einstaklingbundnari og spá meira í persónulegum þörfum hvers og eins“. Þá tiltók annar starfsmaður Skálahlíðar 11a að „mikilvægt væri að hafa einstaklings-áætlanir fyrir hvern og einn til að samræma vinnubrögð starfsfólks“. Starfsmaður herbergjasambýlis taldi vera þörf á einstaklingsíbúðum fyrir íbúana svo þjónustan gæti verið hæfilega mikil. Algengt var að svarendur nefndu þörf á aukinni mönnun til að þjónusta við íbúa gæti verið hæfilega mikil. Einn svarandi taldi vera þörf fyrir „fleira starfsfólk svo það sé hægt að mæta vilja og þörfum íbúa betur. Virðumst vera á sparnaðartímum“. Annar sagði þörf vera á „betri mönnun svo hægt sé að mæta þörfum og óskum hvers og eins“. Þá sagði einn starfsmannanna vanta „fleira starfsfólk, t.d. x getur ekki farið í bíó eins og x vill því y er að fara á tónleika og það eru bara tveir á vakt, einhver þarf að vera eftir í húsinu“. Einn starfsmaður í herbergjasambýli sagði þurfa að vera „maður á mann“, þ.e. einn starfsmaður fyrir hvern einstakling, til að þjónustan gæti verið hæfilega mikil. Þá töldu sumir þörf á aukinni fagþekkingu og sérhæfingu eða betri nýtingu á fagþekkingu starfshópsins. Starfsmaður í herbergjasambýli taldi þurfa „sérhæft teymi um hvern einstakling“ og starfsmaður í íbúðakjarna taldi vera þörf á að „fá þroskaþjálfara inn til okkar sem er bara að vinna með þetta hús“. Annar sagði að þörf væri á að „leyfa félagsliðum líka að vera með, til þess lærðum við“. Í þessu samhengi má benda á að sama starfslýsing á við um félagsliða, sjúkraliða og stuðningsfulltrúa í búsetu og er því ekki gerður greinarmunur á ábyrgð starfsfólks, annarra en þroskaþjálfara, eftir því hvort það hefur lokið menntun á sviðinu eða ekki.

Einn forstöðumannanna sagði stefnuna alltaf að vera með einstaklingsmiðaða þjónustu og að það tækist ágætlega en að starfið litaðist af því að einstaklingarnir væru búnir að búa svo lengi í Skálatúni. Margir forstöðumannanna sögðu skort á stöðugildum hafa áhrif á þjónustu við íbúana og möguleikana á að veita þeim persónulega þjónustu. Sögðu þeir „erfitt að veita einstaklingsbundna þjónustu eins og lög krefja á um þegar það er ekki fjármagn fyrir mönnun til að leyfa það“. Einn sagði það þurfa „að vera fleiri stöðugildi til að hægt sé að hafa maður á mann og þá er raunverulega hægt að tala um einstaklingsbundna þjónustu“. Tók einn forstöðumannanna dæmi um einstakling sem sækir dagþjónustu Skálatúns daglega, námskeið hjá Fjölmennt þegar þau eru í boði og fer stundum í sundlaug Skálatúns, en er annars að mestu leyti heima við. Forstöðumaðurinn taldi þennan einstakling vera í þörf fyrir meiri tilbreytingu en „það þarf að hafa meiri mönnun til þess“. Annar sagði stöðugildin „duga til að sinna grunnþörfum íbúa en ekki meira“ og að „margoft kemur það upp að það vantar meiri mönnun, til dæmis ef einn langar í bíó.“ Þá kom fram að það geti verið mjög rólegt á milli kl. 20 og 22 „en svo getur þremur dottið það í hug að fara út á sama tíma“.

Margir viðmælendanna bentu á að fjármagn sem ætlað er í þjónustu við einstaklingana fari að hluta til í kostnaðarsamar yfirbyggingar og rekstur dagþjónustu Skálatúns. Þetta hafi þau áhrif að bein þjónusta við einstaklingana skerðist. Aðspurð um tillögur að breytingum á starfsemi Skálatúns lagði einn forstöðumannanna til að Skálatún skyldi losa sig við þann húsakost sem ekki er notaður. Annar benti á hversu kostnaðarsamt það sé að reka um 300 fermetra

skrifstofuhúsnæði fyrir tvo starfsmenn, þ.e. framkvæmdastjóra og launafulltrúa. Þá komu fram hugmyndir meðal forstöðumanna að leggja niður dagþjónustuna og að endurskoða það að vera með sundkennara á launaskrá en fram kom í viðtölum að með hækkandi aldri einstaklinganna hefur dregið úr notkun þeirra á sundlaug Skálatúns. Nýr framkvæmdastjóri ræddi einnig um vannýtt húsnæði á lóðinni og að tækifæri séu til að leigja út húsnæði og geymslurými. Tók hann fram að Skálahlíð 7b hafi nýlega verið leigð út. Einnig taldi hann nauðsynlegt að ræða það hvort selja eigi eitthvað af húsnæði Skálatúns.

5.3.1 Heilbrigðisþjónusta

Samkvæmt forstöðumönnum hefur hluti heilbrigðisþjónustu aukist með hækkandi aldri íbúanna. Þeir segja einstaklingana oft í þörf fyrir meiri þjónustu en hægt sé að fá frá sjúkrahúsum eða almennum hjúkrunarheimilum því þar sé ekki þekking á þjónustupörfum íbúanna vegna fötlunar þeirra og hafi starfsmenn Skálatúns því þurft að sinna heilbrigðisþjónustu í „góðu samráði við heilsugæsluna“. Í þessu samhengi ræddi einn forstöðumannanna um víðtækt hlutverk starfsfólks gagnvart einstaklingunum: „Starfsfólkið sinnir öllum þeirra þörfum, hvort heldur sem er félagslegum, andlegum eða líkamlegum þörfum“. Forstöðumennirnir sögðu einstaklingana sækja almenna lækniþjónustu til heilsugæslunnar og til sérgreinalækna eftir þörfum. Nokkrir eru með geðfötlun en ekki allir þeirra eru með geðlækni og sagði einn forstöðumannanna það vera vegna þess hve erfitt er að fá nýja geðlækna. Í könnun til starfsfólks var spurt um aðgengi einstaklinganna að heilbrigðisþjónustu og var stærstur hluti svarenda (91%) því mjög eða frekar sammála að íbúarnir fengju aðstoð við að sækja heilbrigðisþjónustu eftir vilja þeirra og þörfum, sjá töflu 10.

Tafla 10. Íbúarnir fá aðstoð við að sækja heilbrigðisþjónustu eftir vilja þeirra og þörfum

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög sammála	27	63,6%
Frekar sammála	12	27,3%
Hvorki sammála né ósammála	4	9,1%
Frekar ósammála	1	2,3%
Mjög ósammála	0	0%
Fjöldi svara	44	100%
Veit ekki	3	
Alls	47	

Eins og fram hefur komið er Skálahlíð 11a starfrækt sem hjúkrunarheimili og er hjúkrunarþjónustunni sinnt af starfsfólki heimilisins, sem að stærstum hluta eru ófaglærðir stuðningsfulltrúar. Starfsfólkið hefur fengið tilfallandi ráðleggingar frá hjúkrunarfræðingi en enga formlega þjálfun og sagðist forstöðumaður vilja „sjá sjúkraliða í starfi til að sinna umönnunarhlutanum sem er alltaf að aukast með hækkandi aldri íbúa“. Nokkrir forstöðumannanna sögðu einstaklinga hafa fengið tímabundna heimahjúkrun eftir þörfum, t.d. þegar þörf er á þvagprufum eða vegna legusára, en enginn sé með fasta heimahjúkrun. Forstöðumaður eins heimilisins segir fasta heimahjúkrun ekki standa til boða þar sem um sambýli sé að ræða. Þá nefndi forstöðumaður að hann hefði sótt um hjálpartæki til Sjúkratrygginga til að auka sjálfstæði einstaklings en fengið neitun þar sem um

sambýli væri að ræða og ætlast sé til þess að nægileg þjónusta sé til staðar og því ekki þörf á hjálpartækinu. Hvoru tveggja fráfarandi framkvæmdastjóri Skálatúns og verkefnastjóri Mosfellsbæjar sögðu aukna þörf íbúa fyrir heilbrigðisþjónustu og útfærsla og fjármagn til hennar sé eitt af þeim atriðum sem tekið verður tillit til við gerð nýs þjónustusamnings. Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra við lokavinnslu skýrslunnar hefur verið ráðinn einstaklingur með hjúkrunarmenntun til starfa við Skálahlíð 11a.

5.3.2 Vinnuálag og starfsaðstaða

Lítil starfsmannavelta er í Skálatúni og starfsaldur er almennt hár en forstöðumenn telja meðalstarfsaldur vera um 12 ár. Forstöðumennirnir sjálfir hafa flestir unnið í Skálatúni í tvo til fjóra áratugi. Eina búsetueiningin sem sker sig úr hvað þetta varðar er Skálahlíð 11a, en þar er starfsaldur mun lægri og starfsmannaveltan meiri, einnig hvað varðar stöðu forstöðumanns. Að sögn forstöðumanna má rekja þetta til þjónustuþarfa einstaklinganna sem þar búa, fjölda herbergja í sambýlinu og mikils álags á starfsfólk. Þetta endurspegladist í svörum starfsfólks um vinnuálag og starfsaðstöðu. Rúmur helmingur svarenda (57%) taldi vinnuálag hæfilegt eins og sjá má í töflu 11 en hlutfallslega fleiri úr starfshópi Skálahlíðar 11a samanborið við önnur heimili mátu vinnuálag heimilisins nokkuð mikið. Þá störfuðu allir starfsmennirnir þrír sem mátu vinnuálag of mikið við Skálahlíð 11a.

Tafla 11. Hvernig metur þú vinnuálagið á heimilinu?

	Fjöldi	Hlutfall
Of mikið	3	6,4%
Nokkuð mikið	17	36,2%
Hæfilegt	27	57,4%
Nokkuð lítið	0	0%
Of lítið	0	0%
Fjöldi svara	47	100%
Veit ekki	2	
Alls	49	

Meirihluti svarenda (61%) sagði starfsfólk aldrei eða sjaldan hafa verið fjarverandi frá vinnu vegna álags undanfarna 12 mánuði, sjá töflu 12. Líkt og áður voru hlutfallslega fleiri úr starfshópi Skálahlíðar 11a samanborið við aðrar búsetueiningar sem sögðu starfsfólk hafa verið stundum, nokkuð oft eða mjög oft fjarverandi vegna vinnuálags.

Tafla 12. Veist þú til þess að starfsfólk heimilisins hafi verið fjarverandi frá vinnu vegna vinnuálags undanfarna 12 mánuði (að þér meðtalinni/meðtöldum)?

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög oft	1	3,2%
Nokkuð oft	3	9,7%
Stundum	8	25,8%
Sjaldan	4	12,9%
Aldrei	15	48,4%
Fjöldi svara	31	100%
Veit ekki	16	
Alls	47	

Meirihluti svarenda (60%) vissi ekki til þess að starfsfólk hefði hætt störfum undanfarna 12 mánuði vegna slæmrar aðstöðu eða of mikils álags í starfi, sjá töflu 13. Þeir þrír svarendur sem vissu til þess að starfsfólk hefði hætt störfum vegna of mikils álags eða slæmrar aðstöðu störfuðu allir við Skálahlíð 11a. Til að koma til móts við þjónustuþyngd og álag á Skálahlíð 11a hefur nýlega verið bætt við einum starfsmanni bæði á dag- og kvöldvakt. Forstöðumaður segir þessa breytingu nú þegar hafa dregið úr vinnuálagi, fjarvistum og yfirvinnukostnaði vegna minni þarfar fyrir afleysingar.

Tafla 13. Veist þú til þess að starfsfólk heimilisins hafi hætt störfum vegna slæmrar aðstöðu eða of mikils álags í starfi undanfarna 12 mánuði?

	Fjöldi	Hlutfall
Já, margir	3	9,1%
Já, fáir	10	30,3%
Nei, engir	20	60,6%
Fjöldi svara	33	100%
Veit ekki	14	
Alls	47	

Skálahlíð 13a skar sig einnig úr í svörum um vinnuálag og starfsaðstöðu en um helmingur svarenda úr starfshópi Skálahlíðar 13a taldi nokkuð mikið vinnuálag á heimilinu, að starfsfólk hafi stundum eða nokkuð oft verið fjarverandi vegna mikils vinnuálags undanfarna 12 mánuði og vissi til þess að starfsfólk hefði hætt störfum vegna álags eða slæmrar starfsaðstöðu á sama tímabili. Forstöðumaðurinn sagði töluvert hafa verið um fjarveru og veikindi meðal starfsfólks heimilisins fyrir stuttu síðan og hafi tveir starfsmenn nýlega hætt vegna álagstengdra veikinda. Rekur hann það til slæmrar vinnuaðstöðu þar sem hluti íbúa hafi verið í hjólastól en húsnæðið hafi ekki hentað þeim. Starfsfólkið þurfti að aðlaga sig að aðstæðunum til að geta sem best aðstoðað einstaklingana og líkamlegt álag á starfsfólk var því mikið. Fjarvera starfsfólks jók álag á forstöðumann vegna afleysinga sem dró úr möguleikum hans til að sinna verkefnum forstöðumanns. Mikil breyting hefur orðið á þjónustuþyngd heimilisins nú þegar enginn íbúanna er í hjólastól auk þess sem þroskaþjálfari hefur komið til starfa á heimilinu. Forstöðumaður segist því hafa haft meira svigrúm til að sinna faglegum verkefnum sínum en enn gefist þó of lítil tími fyrir forstöðumannsstarfið.

Margir forstöðumannanna nefndu að þeir ynnu að miklu leyti „á gólfinu“, meira en gengur og gerist, og að jafnvel 90-95% af vinnutíma þeirra fari í starf með einstaklingunum á heimilinu. Ef um forföll starfsfólks er að ræða er helst ekki kölluð út aukavakt því yfirvinna er kostnaðarsöm og þörf er á að spara. Þeir sögðu þörf á meira fjármagni til að hægt væri að auka mönnun svo þeir gætu betur sinnt verkefnum forstöðumanns en tóku þó einnig flestir fram að þeir hefðu mikla ánægju af því að vinna einnig í beinni þjónustu við einstaklingana. Nýr framkvæmdastjóri nefndi fyrirkomulagið í Skálahlíð 11a, að auka við fast starfsfólk á vakt, sem dæmi um jákvæða breytingu sem megi taka til fyrirmyndar. Það sé til lengri tíma kostnaðarsamara að vera með færri á vakt og greiða yfirvinnu vegna

afleysinga og að það þurfi að gæta þess að vera ekki „að spara aurinn en kasta krónunni“.

Í viðtölum við forstöðumenn mátti sjá að starfsaðstaða þeirra hefur áhrif á getu þeirra til að sinna faglegum verkefnum sínum á vinnutíma. Í nýrri húsunum hafa forstöðumenn rúmgóðar skrifstofur en í þeim eldri hafa sumir forstöðumannanna mjög lítið rými, jafnvel gluggalaust, til að sinna verkefnum sínum. Einn forstöðumannanna hefur eingöngu lítið skrifborð í sameiginlegu rými sambýlisins. Hluti þeirra sem hafa mjög litla aðstöðu sagðist sinna forstöðumannsstarfinu að sumu eða mestu leyti heima hjá sér eftir að dagvinnutíma lyki, þar sem ekki gæfist næði til þess á dagvinnutíma. Þeir sem höfðu betri aðstöðu áttu auðveldara með að sinna faglegum störfum sínum á vinnutíma. Einn þeirra sagðist yfirleitt ná að sinna forstöðumannshlutverkinu eftir hádegi. Hann sagði aðstöðuna skipta máli í því samhengi, „að geta sest niður og lokað að sér skiptir miklu máli. Það ættu allir að hafa húsnæði eins og þetta“.

Samkvæmt upplýsingum frá forstöðumönnum er nýlega búið að bæta við stöðugildi næturvaktar og eru nú samtals fjórir á næturvakt fyrir allar sex búsetueiningar Skálatúns. Þrír starfsmenn vakta tvö hús hverja nótt, einn í Skálahlíð 7b og 13, einn í Skálahlíð 9 og 11 og einn í Skálahlíð 13a og 13b. Skálahlíð 11a er með eigin næturvakt. Forstöðumenn sögðu þörfina mismikla milli húsanna og að næturvaktin sé almennt stödd þar sem meiri þörf er fyrir hana. Í einu húsanna sem er með sameiginlega næturvakt búa tveir einstaklingar sem komast ekki af sjálfsdáðum fram úr rúminu. Þá hafa einstaklingarnir almennt ekki möguleika á því að hafa samband við næturvakt þegar hún er stödd í öðru húsi. Aðspurður um skipulag næturvakta sagðist nýr framkvæmdastjóri ekki vera byrjaður að rýna í það en utanaðkomandi faglegt teymi myndi koma að þeirri vinnu.

Samantekt

Stöðugleiki er í starfsmannannamálum Skálatúns, starfsaldur er hár og starfsmannavelta almennt lítil, ef frá er talin Skálahlíð 11a. Starfsmannavelta, álag og fjarvistir mælast mestar meðal starfsfólks Skálahlíðar 11a en gerðar hafa verið breytingar sem hafa reynst vel. Niðurstöður benda til að í flestum tilfellum sé þjónusta við íbúana nægileg og aðlöguð að einstaklingsþörfum þeirra. Þó sýna niðurstöðurnar einnig að það geti reynst erfitt að hafa þjónustuna einstaklingsmiðaða vegna skorts á nægilegum fjölda starfsfólks á vakt og nægilegu fjármagni. Forstöðumenn ná illa að sinna forstöðumannshlutverki sínu vegna afleysinga og skorti á góðri vinnuaðstöðu. Eingöngu fjögur stöðugildi næturvaktar fyrir 35 einstaklinga í sjö húsum vekja upp áhyggjur um öryggi íbúa.

5.4 Sjálfstætt heimilishald

1. mgr. 1. tl. 8. gr.: [Stoðþjónusta skal miðast við] þarfir fatlaðra einstaklinga fyrir þjónustu sem felst í því að treysta möguleika þeirra til sjálfstæðs heimilishalds [...].

Gæðavísar 1.3 – Sjálfstætt heimilishald

- 1.3.1 Ég fæ aðstoð við að sinna heimilinu eins og ég vil.
- 1.3.2 Þau sem aðstoða mig á heimili mínu bera virðingu fyrir því að þetta sé heimili mitt.
- 1.3.3 Ég fæ aðstoð við að halda mér og líkama mínum hreinum og snyrtilegum þegar ég vil.
- 1.3.4 Ég get farið í bað eða sturtu þegar ég vil.
- 1.3.5 Ég ákveð hvað ég borða.
- 1.3.6 Ég fæ aðstoð við að elda þegar ég vil.
- 1.3.7 Ég get borðað í rólegheitum og í afslöppuðu umhverfi.
- 1.3.8 Ég ræð því hvort og hvenær ég er ein/n.
- 1.3.9 Ég fæ aðstoð við að versla ef ég kys.
- 1.3.10 Ég opna þann póst sem berst til mín og fæ aðstoð við að skilja innihald hans ef ég vil.
- 1.3.11 Ég fæ aðstoð við að taka á móti gestum heim til mín þegar ég vil.
- 1.3.12 Ég get boðið fólki að gista hjá mér þegar ég vil.
- 1.3.13 Mér líður vel heima hjá mér.
- 1.3.14 Þegar ég er ekki heima fer enginn inn til mín nema fá leyfi hjá mér.
- 1.3.15 Ég fæ aðstoð við að sinna fjármálum mínum ef ég þarf og vil.

Í spurningakönnuninni til starfsfólksins var meðal annars spurt um heimilishald einstaklinga sem búa á því heimili sem það starfar við, sjá töflu 14. Nær allir þátttakendur (91%) töldu íbúa alltaf eða oftast fá aðstoð við heimilishald í samræmi við þeirra óskir.

Tafla 14. Íbúarnir fá aðstoð við heimilishald í samræmi við þeirra óskir

	Fjöldi	Hlutfall
Alltaf	21	45,7%
Oftast	21	45,7%
Stundum	3	6,5%
Sjaldan	1	2,2%
Aldrei	0	0%
Fjöldi svara	46	100%
Veit ekki	1	
Alls	47	

Aðspurð um hversu oft eða sjaldan íbúar ákveða sjálfir hvað þeir borða taldi meirihluti starfsfólksins íbúana ákveða það stundum (32%) eða oftast (30%) en einungis átta starfsmenn (17%) töldu íbúana alltaf ákveða það sjálfir. Við nánari greiningu sést munur á svörum eftir því hvort starfsfólkið starfar í herbergja-

sambýli eða íbúðakjarna³, en fimm starfsmenn íbúðakjarna telja íbúa alltaf ráða sjálfir hvað þeir borða en eingöngu einn starfsmaður herbergjasambýlis telur að svo sé. Þá telja níu starfsmenn herbergjasambýla að íbúar ákveði sjaldan sjálfir hvað þeir borða en enginn starfsmaður íbúðakjarna sagði svo vera.

Tafla 15. Íbúarnir ákveða sjálfir hvað þeir borða

	Fjöldi	Hlutfall
Alltaf	8	17,0%
Oftast	14	29,8%
Stundum	15	31,9%
Sjaldan	9	19,1%
Aldrei	1	2,1%
Fjöldi svara	47	100%
Veit ekki	1	
Alls	48	

Misjafnt er eftir búsetueiningum hvernig staðið er að innkaupum íbúa. Eitt herbergjasambýli notast að mestu við netverslun við matarinnkaup og aðstoða starfsmenn hvern íbúa við innkaupin. Einn íbúi heimilisins sagði hann og starfsfólkið velja saman í netversluninni hvað keypt er í matinn og annar sagði að sér þætti þægilegt að versla á netinu. Í öðru herbergjasambýli fer starfsfólkið að versla í matinn og fara íbúar oftast með og „velja að einhverju leyti hvað er í matinn“ samkvæmt forstöðumanni heimilisins. Eitt herbergjasambýlanna útbýr matseðil tvær vikur fram í tímann og taka íbúar þátt í vali á máltíðum og „er stýrt í vali á mat“ að sögn forstöðumanns. Í íbúðakjörnum fara íbúarnir flestir hver fyrir sig að versla með starfsmanni. Í öðrum þeirra er verslað mikið í einu og í framhaldinu eru útbúnir matseðlar miðað við það sem keypt var.

Í flestum búsetueininganna hefur hver íbúi ákveðinn dag sem þeir tala um „að vera í verkunum“ eða „verkadag“, en þá sinnir íbúinn heimilisstörfum og matarinnkaupum og pantaðir eru tímar í klippingu o.p.h. Auk þess sinna íbúar í herbergjasambýlunum eldamennsku fyrir heimilið þann dag sem þeir eru í verkunum. Forstöðumaður annars íbúðakjarnans sagðist hafa reynt að leggja verkadagana niður þegar kjarninn var opnaður og einstaklingarnir fluttu inn frá herbergjasambýlum Skálatúns en hann sagði þau „vilja vera áfram með verkin skipt á milli sín“. Hann sagði þá flesta hafa búið í Skálatúni síðan þeir voru börn og að þeir „hafa hlotið skaða af því“. Sem dæmi nefndi forstöðumaðurinn að þeir hafi verið lengi að tileinka sér að velja sér sjálfir morgunmat eftir flutning í íbúðakjarnann og að þeir séu stundum þreyttir á að velja sér sjálf mat. Tveir íbúanna sem rætt var við töluðu sjálfir um að „vera í verkunum“ einu sinni í viku. Báðir íbúarnir búa í herbergjasambýli en annar þeirra hefur búið í Skálatúni frá barnsaldri og hinn flutti í Skálatún fyrir fáum árum og virðast því nýir íbúar taka upp rótgrónar hefðir heimilanna.

³ Svörum þess starfsfólks sem starfar í herbergjasambýli með einni íbúð er sleppt úr þessari greiningu þar sem búsetueiningin flokkast í báða hópana.

Misjafnt er hversu mikið einstaklingarnir taka þátt í eldamennsku og virðist geta þeirra ráða þar mestu um. Í einu herbergjasambýlanna talaði forstöðumaður um að á verkadögum séu íbúarnir „með að elda, skera, leggja á borðið og taka þátt í frágangi“. Einn íbúanna talaði um að hann sæi um að leggja á borðið og laga til eftir matinn. Annar íbúi sagði starfsfólkið aðstoða sig við að gera matinn. Forstöðumenn nefndu dæmi um að þátttaka í heimilishaldi hafi farið minnkandi með hækkandi aldri og oft á tíðum minni getu vegna heilsubrests. Nefndi einn forstöðumaður dæmi um einstakling sem hafi áður fyrr séð um að ganga frá disknum sínum eftir matinn en sé nú hættur að geta það.

Einnig er þátttaka íbúa í þrifum ólík eftir einstaklingunum. Sumir taka lítinn eða engan þátt í þrifum, sumir taka þátt að hluta til og aðrir sjá um þrif með eða án aðstoðar starfsfólks. Tveir þeirra sem rætt var við hafa mikla ánægju af þrifum og sjá alfarið um þrif á eigin íbúð. Annar þeirra sagðist vera að bíða eftir að lokið yrði við breytingar á baðherbergi sínu svo hann geti keypt sér þvottavél og séð sjálfur um þvottinn sinn, en í einstaklingsbundinni þjónustuáætlun íbúans mátti sjá að hann hafði sett sér það markmið haustið 2019 að kaupa sér þvottavél. Ekki er fyrirséð hvenær framkvæmdum á baðherberginu muni ljúka og fram að því þarf hann áfram að nýta sér þvottavél í sameiginlegri aðstöðu heimilisins. Hér má sjá dæmi þess að tafir á framkvæmdum vegna skorts á fjármagni hafi haft bein áhrif á líf íbúa.

Íbúar flestra búsetueininganna eru með svokallaðan tengil úr starfsmanna-hópnum sem sér um persónulega þætti þeirra og bera megin ábyrgð á að vera vakandi fyrir þörfum þeirra, t.d. panta tíma hjá lækni, klippingu eða aðra slíka þjónustu þegar hennar er þörf. Tenglar eru valdir í samráði við íbúa og er þeim skipt út reglulega svo ekki sé alltaf sami einstaklingurinn í þessu hlutverki. Einn íbúanna sem rætt var við sagðist áður hafa verið með tengil en hann hafi viljað breyta til og það þá um ákveðinn starfsmann sem tengil, sem varð til þess að sá tók við hlutverkinu. Annar íbúi sem rætt var við sagði að sér fyndist stundum skipt um tengla of oft, en hann fékk nýlega nýjan tengil. Íbúar eins herbergja-sambýlisins eru ekki með tengla. Forstöðumaður sagði ástæðu þess vera að einstaklingarnir hafi verið með svo sterkt bakland hér áður fyrr og hafi aðstandendur þeirra séð um að fylgjast með persónulegum þörfum þeirra. Eftir því sem aðstandendum fækkaði með hækkandi aldri íbúa hafi verið gerð aukin krafa til starfsfólks að vera vakandi fyrir þörfum íbúa, sem forstöðumaður segir að hafi gengið vel og því hafi hann ekki fundið þörf á tenglum.

Samantekt

Niðurstöðurnar sýndu að almennt fá íbúar Skálatúns aðstoð í samræmi við óskir sínar og þarfir og þátttaka þeirra í heimilishaldi virðist almennt ráðast af getu þeirra. Íbúar herbergjasambýla hafa þó síður val um það hvað þeir borða en þeir sem búa í íbúðum. Íbúar íbúðakjarna sem áður hafa búið í herbergjasambýlum Skálatúns eiga margir erfitt með að tileinka sér sjálfstætt heimilishald vegna langrar búsetu í sambýli.

5.5 Samfélag án aðgreiningar

1. mgr. 8. gr.: Fötluðu fólki skal standa til boða stoðþjónusta sem er nauðsynleg þátttöku þess í samfélaginu án aðgreiningar þannig að það standi til jafns við aðra og komið verði í veg fyrir félagslega einangrun þess. Stoðþjónustu þessa skal veita í hverju sveitarfélagi með þeim hætti sem best hentar á hverjum stað. Skal hún miðast við eftirtaldar þarfir:

1. Þarfir fatlaðra einstaklinga fyrir þjónustu sem felst í því að treysta möguleika þeirra til [...] samfélagslegrar þátttöku.
2. Þarfir fatlaðra einstaklinga til hæfingar, endurhæfingar, menntunar og atvinnu m.a. á grundvelli viðeigandi aðlögunar, svo að þeir geti séð sér farborða og tekið virkan þátt í samfélaginu til jafns við aðra.
3. Þarfir fatlaðra einstaklinga fyrir [...] félagslegan stuðning og félagslegt samneyti, þ.m.t. ástundun tómsunda og menningarlífs. [...]

1. mgr. 24. gr.: Fatlað fólk skal eiga kost á atvinnu- og hæfingartengdri þjónustu sem stuðlar að aukinni hæfni til starfa og þátttöku í daglegu lífi til jafns við aðra.

Gæðavísar 1.1 – Samfélag án aðgreiningar

- 1.1.1 Þjónustan sem ég fæ er sniðin að mínum þörfum og hentar mér.
- 1.1.2 Ég get tekið þátt í samfélaginu samkvæmt óskum mínum.
- 1.1.3 Ég fæ þjónustu og stuðning til að taka þátt í samfélaginu eins og ég vil.
- 1.1.4 Ég lifi virku lífi á þann hátt sem ég kys.
- 1.1.5 Ég get gert hluti sem mig langar til, eins og að hitta vini mína eða sinna áhugamálum mínum.
- 1.1.6 Ég get notað síma og internetið þegar ég vil.
- 1.1.7 Ég get átt í samskiptum á þann hátt sem hentar mér og fæ til þess stuðning ef þörf er á.
- 1.1.8 Ég get valið um virkni sem hentar mér þegar ég vil.
- 1.1.9 Ég kemst ferða minna þegar ég vil.
- 1.1.10 Ég get ferðast eins og aðrir.

5.5.1 Virkni

Gæðavísar 1.6 – Virkni

- 1.6.1 Ég er í vinnu, verkþjálfun eða annarri virkni sem mig langar að vera í.
- 1.6.2 Ég fæ þá aðstoð sem ég þarf og vil til að stunda vinnu eða aðra virkni.
- 1.6.3 Ég fæ þá hæfingu, endurhæfingu eða þjálfun sem ég þarf.

Af þeim 35 einstaklingum sem búa í Skálatúni eru 31 í reglulegri virkni á daginn en tveir hafa hætt vegna aldurs, einn kys að vera ekki í virkni og einn er í leit að nýju virknilboði. Átta íbúar sækja atvinnu- og hæfingartengda þjónustu utan Skálatúns en þrír þeirra sækja einnig dagþjónustu Skálatúns. Samtals sækja 26

Íbúar Skálatúns dagþjónustuna á svæðinu auk tveggja einstaklinga úr öðrum sveitarfélögum. Eins og sjá má í töflu 16 eru langflestir þeirra sem búið hafa í Skálatúni í meira en 10 ár í dagþjónustu Skálatúns. Af þeim 25 einstaklingum sem búið hafa í Skálatúni í meira en áratug og eru í virkni á daginn eru einungis fjórir sem sækja hana utan Skálatúns, þar af einn sem fer í virkni utan Skálatúns einn dag í viku en sækir dagþjónustu Skálatúns aðra daga vikunnar. Þeir sem búið hafa í Skálatúni í tíu ár eða skemur sækja frekar virkni utan Skálatúns en af þeim sex einstaklingum sem hafa flutt í Skálatún frá árinu 2010 og eru í virkni á daginn sækja fjórir þeirra atvinnu- og hæfingartengda þjónustu utan Skálatúns, þar af einn sem fer í virkni utan Skálatúns einn dag í viku en sækir dagþjónustu Skálatúns aðra daga vikunnar. Margir íbúanna fara reglulega í sjúkraþjálfun og um þriðjungur einstaklinganna nýtir sundlaugina á lóðinni.

Tafla 16. Staðsetning atvinnu- og hæfingartengdrar þjónustu íbúa eftir búsetulengd þeirra

	Fjöldi búið >10 ár	Fjöldi búið ≤10 ár	Samtals fjöldi
Staðsetning virkni			
Eingöngu á Skálatúni	21	2	23
Eingöngu utan Skálatúns	3	2	5
Bæði á Skálatúni og utan Skálatúns	1	2	3
Alls	25	6	31

Starfsemi dagþjónustunnar skiptist í vinnustofur og Skjól og fer starfsemi fram í hvort sínu húsinu á lóð Skálatúns. Í vinnustofum dagþjónustunnar er unnið að ýmsum vinnuverkefnum en samkvæmt forstöðumanni dagþjónustu hefur starfsemi vinnustofanna þó breyst frá því sem áður var, annars vegar vegna minnkandi færni þeirra sem starfa í vinnustofunum með hækkandi aldri þeirra og hins vegar vegna minna framboðs vinnuverkefna. Forstöðumaður sagði nóg hafa verið að gera í m.a. þökkunarverkefnum fyrir fyrirtæki hér áður fyrr en nú séu þau nánast engin og þau hafi þurft að bregða á það ráð að búa til verkefni fyrir einstaklingana sem þar starfa. Aukning hafi þó orðið á verkefnum í gróðurhúsi dagþjónustunnar undanfarin tvö eða þrjú ár sem hafi komið að einhverju leyti upp á móti skorti á öðrum vinnuverkefnum. Einn einstaklinganna sem rætt var við og starfar í vinnustofunni sagðist „hjálpa þeim að setja kort í umslög, hjálpa þeim í eldhúsinu“ og þegar engin verkefni væri að finna púslaði hann, en hann hefur mikinn áhuga á því. Einn viðmælandinn hafði nýlega hætt að starfa í vinnustofunni því honum „leiddist þar“, sagðist vilja vinna annars staðar en vissi ekki hvar. Aðspurt um þetta sagði starfsfólk heimilisins að unnið væri að því að finna annað virknitilboð en það hafi reynst erfitt vegna ástandsins af völdum heimsfaraldursins.

Á [vefsíðu Skálatúns](#) kemur fram að „Skjólíð var opnað í september árið 2001 og er ætlað fólki með minnkaða starfsgetu, sökum aldurs eða aldurstengdra mála“. Í Skjólínu er starfrækt klúbbastarf, létt vinnuverkefni, ýmis afþreying auk tveggja skynörvunarherbergja. Handavinna sem unnin er í Skjólí er seld í verslun í sama húsnæði. Einn úr hópi íbúa sem rætt var við er mjög listhneigður og hefur meðal annars ánægju af að vinna með leir í dagþjónustu Skálatúns. Hann var

bersýnilega stoltur þegar hann bauð úttektaraðilum upp á kaffi úr bollum sem hann hafði sjálfur búið til. Annar einstaklingur sem rætt var við og sækir Skjólið sagðist hafa gaman af handavinnu og sérstaklega af því að vefa, en að ekki sé lengur vefstóll í dagþjónustunni. Nokkrir íbúanna minntust á karla- og kvennaklúbba á föstudögum og var greinileg ánægja með þá.

Spurt var um virkni, hæfingu, endurhæfingu og þjálfun í spurningakönnun starfsfólks, sjá töflur 17-19. Stærstur hluti þátttakenda í spurningakönnunni (80%) var mjög eða frekar sammála því að sú virkni sem íbúar heimilisins væru í á daginn væri í samræmi við óskir þeirra og vilja, sjá töflu 17. Þá var einnig stór hluti svarenda (73%) mjög eða frekar sammála því að íbúarnir geti valið um þá virkni sem þeim hentar þegar þeir vilja, sjá töflu 18. Meirihluti svarenda (71%) var mjög eða frekar sammála því að íbúarnir fái þá hæfingu, endurhæfingu eða þjálfun sem þeir þurfa, sjá töflu 19. Þeir sem ekki voru sammála einhverri af fullyrðingunum þremur komu bæði úr hópi starfsfólks íbúðakjarna og herbergjasambýla og mátti því ekki sjá mun á svörum eftir búsetutegund eða heimilum.

Tafla 17. Sú virkni sem íbúar heimilisins eru í á daginn er í samræmi við óskir þeirra og vilja

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög sammála	14	31,8%
Frekar sammála	21	47,7%
Hvorki sammála né ósammála	6	13,6%
Frekar ósammála	3	6,8%
Mjög ósammála	0	0%
Fjöldi svara	44	100%
Veit ekki	4	
Alls	48	

Tafla 18. Íbúarnir geta valið um þá virkni sem þeim hentar þegar þeir vilja

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög sammála	9	22%
Frekar sammála	21	51,2%
Hvorki sammála né ósammála	6	14,6%
Frekar ósammála	3	7,3%
Mjög ósammála	2	4,9%
Fjöldi svara	41	100%
Veit ekki	5	
Alls	46	

Tafla 19. Íbúarnir fá þá hæfingu, endurhæfingu eða þjálfun sem þeir þurfa

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög sammála	21	50%
Frekar sammála	9	21,4%
Hvorki sammála né ósammála	7	16,7%
Frekar ósammála	3	7,1%
Mjög ósammála	2	4,8%
Fjöldi svara	42	100%
Veit ekki	5	
Alls	47	

Þeir sem voru einhverri af fullyrðingunum úr töflum 17-19 ósammála voru spurðir nánar út í ástæður þess og kom þar fram að nokkrir starfsmenn töldu þörf á frekari virkni meðal hluta íbúa Skálatúns. Tók einn þeirra fram að „það eru sumir einstaklingar sem mættu hafa meira að gera“ og annar sagði að það „hefði þurft að virkja þau meir“. Tveir starfsmenn töldu vera skort á virknitilboðum og sagði annar þeirra að það „mætti vera meira framboð á virkni fyrir þá sem það vilja“ og hinn sagði að það væri „skortur á tilboðum sem hægt væri að sækja utan heimilis þ.e. úti í samfélaginu“. Einn starfsmannanna benti á að „flest þjónusta við þau fer fram á Skálatúni (heimili, vinnustofur, sund) og er það nánast eini staðurinn sem þau hitta fólk“. Nýr framkvæmdastjóri Skálatúns telur samfélagið þar of lokað og vill sjá breytingar á því. Annars vegar að á svæðinu séu fleiri en íbúar Skálatúns t.d. með útleigu á ónýttu húsnæði og hins vegar að íbúarnir sækji í ríkara mæli virkni út fyrir svæðið, sérstaklega þeir sem yngri eru.

Í stefnumótun stjórnar Skálatúns frá 2017 stendur: „Þar sem þetta er stefnumótun fyrir búsetu verður ekki tekin afstaða til þess hér hvort eðlilegt sé að Skálatún sjái um vinnu- og virknitilboð fyrir íbúa eða hvort það ætti að vera á höndum, t.d. sveitarfélagsins að sjá um. En við veltum fyrir okkur hvort það samrýmist hugmyndafræði um eðlilegt og sjálfstætt líf með samfélagsþátttöku.“

5.5.2 Tómstundir, menning og félagslegt samneyti

Gæðavísar 1.8 – Tómstundir og menning

- 1.8.1 Ég fæ aðstoð til að sinna áhugamálum mínum þegar ég vil.
- 1.8.2 Ég fæ aðstoð til að sækja menningarviðburði eða aðra afþreyingu þegar ég vil.
- 1.8.3 Ég fæ aðstoð til að taka þátt í félagsstarfi þegar ég vil.
- 1.8.4 Ég tek þátt í tómstundastarfi eins og ég vil.
- 1.8.5 Ég get farið í sumardvöl þó að ég sé með fötlun.

Gæðavísar 1.2 – Félagslegt samneyti

- 1.2.1 Ég fæ stuðning til að byggja upp sambönd við annað fólk ef ég vil.
- 1.2.2 Ég get átt samskipti við það fólk sem ég vil.
- 1.2.3 Ég fæ stuðning til að hafa samband við fólk eins og ég vil og hentar mér

Nær allir íbúar Skálatúns sækja námskeið hjá Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð, þegar þau standa til boða og eru námskeiðin yfirleitt einu sinni eða tvisvar í viku á vor- og haustönn. Einn forstöðumannanna sagði ásókn vera mikla í námskeið Fjölmenntar og að það sé „alltaf að minnka það sem þau fá“. Viðmælendur úr hópi íbúa minntust flestir á námskeiðin hjá Fjölmennt og fer það eftir áhugasviði hvers og eins hvers lags námskeið þau sækja, t.d. matreiðslunámskeið, leiklist eða kór. Einn forstöðumannanna taldi þörf á frekara framboði á námskeiðum fyrir einstaklinga „með mikla fötlun, lítið mál og minni hreyfigetu“ og að þeir fari því ítrekað á sömu námskeiðin. Hluti íbúanna sækir laugardagsklúbb í Álftamýrarskóla, en þar fer fram félagsstarf fólks með þroska- hömlun. Samkvæmt einum forstöðumannanna „gengur illa að fara í aðra iðju

þegar það á að spara svona mikið“. Hann sagði sparnaðinn vera erfiðan þar sem hann kemur niður á þjónustunni á sama tíma og þau eru að eldast og þjónustuþarfirnar að aukast.

Rætt var við einstaklinga úr hópi íbúa Skálatúns, hvort tveggja í viðtölum og í styttri samtölum, um áhugamál þeirra og frítíma. Nokkrir nefndu áhuga á íþróttum og líkamlegri hreyfingu og fara tveir einstaklingar reglulega á námskeið á líkamsræktarstöð í sveitarfélaginu og einn æfir hjá íþróttafélaginu Ösp. Þá töluðu nokkrir um að fara stundum í göngutúr um svæðið með nágrönnum sínum. Sumir nefndu að þeim þætti gaman að fara í bíó, leikhús, kaffihús, út að borða eða í bíltúr og gera þeir það annað slagið með starfsfólki og stundum með öðrum íbúum heimilisins en einnig með aðstandendum sínum. Margir nefndu áhuga á tónlist og handavinnu og sækja þeir flestir námskeið og iðju í samræmi við áhugamál sín auk þess að sinna þeim einnig heima við. Tveir nefndu mikinn áhuga á dýrum og eiga þeir báðir gæludýr. Margir sögðust hafa gaman af því að horfa á sjónvarp eða vera í tölvu eða spjaldtölvu og fá sumir þeirra aðstoð starfsfólks eftir þörfum til að geta gert það. Einn íbúi í íbúð sagðist vera að safna fyrir sjónvarpi til að geta horft inni hjá sér en þangað til horfði hann á sjónvarp í sameiginlegu aðstöðunni. Einn nefndi mikinn áhuga á búðarferðum og að hann færi stundum í búðir með starfsmanni. Þegar hann var spurður hvort hann gæti alltaf farið þegar hann vildi sagði hann að svo væri ekki: „Stundum er það ekki hægt. Veit ekki af hverju það er ekki alltaf hægt. Stundum er það bara Nei“, þegar hann óskar eftir því við starfsfólkið.

Margir sögðust hafa gaman af því að ferðast, bæði innanlands og til útlanda. Margir íbúanna höfðu haft áætlanir um að ferðast til útlanda á árinu en vegna kórónuveirufaraldursins varð ekkert úr því og var þess í stað ferðast innanlands. Flestir íbúar eins herbergjasambýlisins höfðu ætlað að fara til Tenerife í viku og sýndi einn þeirra okkur myndrænar upplýsingar um ferðalagið. Þar kom meðal annars fram hver úr starfsmannahópnum myndi fylgja með hverjum íbúa. Einn íbúi heimilisins hafði ekki áhuga á að fara með í þessa ferð og hafði þess í stað áform um að fara seinna á árinu á annan áfangastað.

Íbúarnir sækja margir hverjir sumardvalir. Einn sagðist ætla til Hríseyjar í sumardvöl með vini sínum og annar var nýkominn heim úr sumardvöl í Borgarfirði. Hann sagðist hafa skemmti sér vel og að veðrið hefði verið gott. „Þar er borðað saman og farið í bíltúra og gönguferðir. Það er hestur þarna en ég fór ekki á bak“. Einn forstöðumanna sagði alla þá sem búa á herbergjasambýlinu sem hann starfar við fara í sumardvöl á sumrin, þau fara tvö eða þrjú í einu og eru í viku í senn. Það leiðir af sér minni þörf á sumarafleysingum.

Aðspurð um vini töldu flestir einstaklinganna upp aðra íbúa Skálatúns en einnig voru dæmi um að þeir ættu vini sem byggju annars staðar. Einn á góðan vin sem hann kynntist þegar þeir voru saman í skóla, annar á vini í tengslum við starfið hjá Fjölmennt og einn á vin úr öðru sveitarfélagi en þeir starfa saman í dagþjónustu Skálatúns. Þá voru flestir viðmælendanna í góðum tengslum við aðstandendur sína og hitta þá reglulega. Forstöðumenn sögðu þó almennt lítið

um aðstandendur meðal eldri íbúa Skálatúns og í því samhengi sagði einn forstöðumannanna að starfsfólkið væri fjölskylda einstaklinganna og annar sagði í tilfalli eins einstaklings að starfsfólkið væri „hennar fólk“.

Íbúarnir hafa allir annað hvort keypt bíl með öðrum íbúum heimilisins eða tekið með þeim bíl á rekstrarleigu. Í öllum tilfellum keyrir starfsfólk bílana og nýta einstaklingarnir þá fyrir búðarferðir, læknisheimsóknir og annað slíkt auk ferða á kaffihús, í bíó og þess háttar. Fastar ferðir í vinnu, námskeið og klúbbastarf eru almennt farnar með ferðapjónustu fatlaðra.

Í spurningakönnun starfsfólks var spurt um samfélagsþátttöku íbúa, ferðafrelsi þeirra og frítíma, sjá töflur 20-22. Stór hluti svarenda (73%) var því mjög eða nokkuð sammála að íbúar þess heimilis sem þeir störfuðu hjá geti komist ferða sinna þegar þeir kjósa. Einnig var stór hluti svarenda (70%) því mjög eða nokkuð sammála að íbúarnir gætu gert það sem þá langar í frítíma sínum, t.d. hitt vini eða ættingja, sinnt áhugamálum sínum, sótt menningarviðburði eða aðra afþreyingu. Meirihluti (71%) var einnig mjög eða nokkuð sammála því að íbúarnir geti tekið þátt í samfélaginu samkvæmt óskum þeirra.

Tafla 20. Íbúarnir geta komist ferða sinna þegar þeir kjósa

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög sammála	13	28,9%
Frekar sammála	20	44,4%
Hvorki sammála né ósammála	8	17,8%
Frekar ósammála	2	4,4%
Mjög ósammála	2	4,4%
Fjöldi svara	45	100%
Veit ekki	1	
Alls	46	

Tafla 21. Íbúarnir geta gert það sem þá langar í frítíma sínum, t.d. hitt vini eða ættingja, sinnt áhugamálum sínum, sótt menningarviðburði eða aðra afþreyingu

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög sammála	14	30,4%
Frekar sammála	18	39,1%
Hvorki sammála né ósammála	10	21,7%
Frekar ósammála	4	8,7%
Mjög ósammála	0	0%
Fjöldi svara	46	100%
Veit ekki	1	
Alls	47	

Tafla 22. Íbúarnir geta tekið þátt í samfélaginu samkvæmt óskum þeirra

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög sammála	16	35,6%
Nokkuð sammála	16	35,6%
Hvorki sammála né ósammála	9	20,0%
Nokkuð ósammála	3	6,7%
Mjög ósammála	1	2,2%
Fjöldi svara	45	100%
Veit ekki	1	
Alls	46	

Í opnum spurningum um hvað þyrfti að bæta til að auka samfélagslega þátttöku íbúa kom skýrt fram þörf á aukinni mönnun. Einn starfsmaður svaraði: „það fer eftir fjölda starfsmanna hvort íbúar geti gert það sem þeir vilja en við reynum að mæta vilja þeirra“. Annar tók fram að „til þess að geta komið oftast til móts við óskir íbúanna þarf að vera meiri mönnun“. Einn starfsmaðurinn sagði það þurfa að „hafa fleiri starfsmenn á vakt þannig að auðveldara sé að fara með þeim og gera það sem þá langar“. Einn svarendanna sagði það þurfa „meira svigrúm til að fá aukastarfsmann inn á kvöldvakt til þess að hægt sé að fara með einn einstakling í skemmtiferð. Því það verður að vera mannskapur í húsinu ef einn starfsmaður fer.“ Einn starfsmaður sagði: „Ég tel að þau myndu fá betri þjónustu með fleira starfsfólki“. Starfsmaður í íbúðakjarna taldi þörf á að virkja íbúa frekar og tók fram að „sumir hjá okkur geta meira en þeim er leyft“. Starfsmaður í herbergjasambýli sagði þörf á að hafa „skipulag sem gert er í samræmi við íbúa og einstaklingsáætlanir væru frábærar.“ Þá sagði annar starfsmaður herbergjasambýlis að þörf væri á að „hlusta á þau, aðstoða við að finna út vilja þeirra, ekki bara búast við að þeim finnist eitthvað skemmtilegt eftir þínu eigin höfði“. Þá nefndu nokkrir starfsmenn að þörf væri á breytingum í samfélaginu sjálfu til að auka samfélagslega þátttöku einstaklinganna og tók einn fram að þörf væri á „að litið sé á þá sem hluta af samfélaginu“ og annar sagði þörf á „betra aðgengi fyrir fólk sem er í hjólastól á mörgum stöðum“.

Samantekt

Almennt virðast íbúar Skálatúns vera í virkni, hæfingu, endurhæfingu og þjálfun í samræmi við óskir sínar og þarfir óháð því hvort þeir búa í herbergjasambýli eða íbúðakjarna. Möguleiki íbúa til þátttöku í tómstundum, menningu og félagslegu samneyti skerðist að einhverju leyti vegna skorts á nægilegum fjölda starfsfólks á vakt. Skálatún telst enn til altækrar stofnunar þar sem mikill meirihluti íbúa sækir atvinnu- og hæfingartengda þjónustu og félagslegt samneyti á sama svæði og það býr.

5.6 Samráð um þjónustu

2. mgr. 30. gr.: Þegar ákvörðun um þjónustu er tekin skal hún byggð á heildarsýn og einstaklingsbundnu mati á þörfum þess sem um hana sækir og skal ákvörðun tekin í samráði við umsækjanda. [...] [Þjónusta skal] veitt á því formi sem [umsækjandi] óskar, sé þess kostur.

1. tl. 1. mgr. 9. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk: Sé persónulegur talsmaður fatlaðs einstaklings til staðar er þjónustuveitanda skylt að kalla hann til þegar til stendur að gera verulegar breytingar á þjónustunni.

Gæðavísar 2.1 – Samráð við ákvörðun um þjónustu

- 2.1.1 Við mat og ákvörðun um þjónustu við mig er gengið út frá þörfum mínum og óskum.
- 2.1.2 Ég tek þátt í að meta þjónustuparfir mínar.
- 2.1.3 Ég tek þátt í að gera einstaklingsbundna þjónustuáætlun fyrir mig.
- 2.1.4 Haft er samráð við mig og hlustað á skoðanir mínar þegar þjónustan mín er skipulögð.

Gæðavísar 2.2 – Samráð við framkvæmd þjónustu

- 2.2.1 Ég fæ þann tíma og aðstoð til að kynna mér og skilja hvað felst í þjónustu sem ég fæ áður en tekin er sameiginleg ákvörðun um hvað hentar mér best.
- 2.2.2 Ef það breytist hvernig þjónustu ég þarf er haft samráð við mig um breytingarnar sem þarf að gera á þjónustunni.
- 2.2.3 Ef þjónustu minni er breytt er haft samráð við mig.
- 2.2.4 Ef það á að gera miklar breytingar á þjónustunni minni er haft samráð við mig og persónulegan talsmann minn.
- 2.2.5 Ég fæ að taka þátt í að ákveða hver veitir mér þjónustu eða aðstoð.
- 2.2.6 Ég get stýrt þeirri þjónustu og stuðningi sem ég fæ ef það er það sem ég vil.
- 2.2.7 Ég tek þátt í að finna og þjálfa starfsfólk.
- 2.2.8 Ef ég og þau sem veita mér þjónustu í mínu daglega lífi erum ekki sammála um hvernig þjónustan á að vera, þá tölum við saman þar til við erum sátt við niðurstöðuna.
- 2.2.9 Ég hef áhrif á hvernig þjónustan sem ég fæ er veitt.
- 2.2.10 Þegar ég fæ þjónustu er borin virðing fyrir vilja mínum og vali.

Allir forstöðumennirnir sögðu einstaklingana sem búa á því heimili sem þeir starfa við vera með einstaklingsbundna þjónustuáætlun og sáu úttektaraðilar áætlanir þeirra einstaklinga sem rætt var við. Einstaklingsbundnu þjónustuáætlanirnar eru uppfærðar árlega og er það í lang flestum tilfellum gert af notanda og tengli eða öðrum starfsmanni í samráði við forstöðumann. Þar koma fram upplýsingar um helstu tengiliði þeirra þjónustukerfa sem einstaklingarnir eru í tengslum við auk upplýsinga um virkni, tólmstundir, áhugamál og markmið fyrir árið. Einn forstöðumannanna sagði atriði í áætlununum vinna að valdeflingu

Íbúanna en nokkrir forstöðumanna sögðu áætlanirnar breytast lítið á milli ára. Nefnd voru dæmi um einstaklinga sem höfðu ekki áhuga á áætlun sinni. Einum þykir hún „asnaleg“ og telur sig ekki vera í þörf fyrir hana og annar vill ekki hafa áætlunina sína inni hjá sér og hendir henni ítrekað.

Aðspurt um hvort íbúar þeirrar búsetueiningar sem þeir starfa við séu með einstaklingsbundna þjónustuáætlun svaraði stærstur hluti starfsfólks (75%) að svo væri í öllum tilfellum, sjá töflu 23. Athygli vekur að 15 starfsmenn vissu ekki hvort einstaklingarnir væru með einstaklingsbundna þjónustuáætlun eða ekki, hlutfallslega flestir úr Skálahlíð 11a.

Tafla 23. Eru íbúar heimilisins með einstaklingsbundna þjónustuáætlun?

	Fjöldi	Hlutfall
Já, allir	27	75%
Já, margir	2	5,6%
Já, sumir	3	8,3%
Nei, enginn	4	11,1%
Fjöldi svara	36	100%
Veit ekki	15	
Alls	51	

Það starfsfólk sem sagði einstaklingana vera með einstaklingsbundna þjónustuáætlun var spurt að hve miklu leyti væri almennt unnið með atriði eða markmið úr henni í daglegu starfi og taldi meirihluti svarenda (68%) að svo væri gert að miklu leyti, sjá töflu 24.

Tafla 24. Að hve miklu leyti er almennt unnið með atriði/markmið úr einstaklingsbundinni þjónustuáætlun íbúa í daglegu starfi?

	Fjöldi	Hlutfall
Að miklu leyti	21	67,7%
Að nokkru leyti	9	29%
Að litlu leyti	1	3,2%
Að engu leyti	0	0%
Alls	31	100%

Starfsfólkið var einnig spurt út í samráð við einstaklingana um þjónustu þeirra og má sjá niðurstöðurnar í töflum 25-27. Flestir svarendanna (80%) voru því mjög eða frekar sammála að haft væri samráð við íbúana og tillit tekið til skoðana þeirra þegar þjónusta við þá er skipulögð. Sömuleiðis var stærstur hluti (81%) mjög eða frekar sammála því að breytingar á þjónustu væru gerðar í samráði við íbúa og persónulega talsmenn, þar sem það ætti við. Ekki er sömu sögu að segja varðandi það hvort einstaklingarnir hafi áhrif á hverjir veita þeim þjónustu en þar dreifðust svörin meira og var minni hlutinn (30%) fullyrðingunni sammála. Í opnum svörum sagði einn starfsmannanna að „íbúar geta ekki valið hverjir eru á hvaða vöktum og þar af leiðandi geta íbúar ekki valið hverjir þjónusta á hverjum tíma, en íbúar velja sér tengla.“

Tafla 25. Haft er samráð við íbúana og tillit er tekið til skoðana þeirra þegar þjónusta við þá er skipulögð

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög sammála	21	47,7%
Frekar sammála	13	31,8%
Hvorki sammála né ósammála	8	18,2%
Frekar ósammála	1	2,3%
Mjög ósammála	1	2,3%
Fjöldi svara	44	100%
Veit ekki	3	
Alls	47	

Tafla 26. Ef gerðar eru breytingar á þjónustunni er það gert í samráði við íbúa (og persónulegan talsmann ef það á við)

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög sammála	21	50,0%
Frekar sammála	13	31,0%
Hvorki sammála né ósammála	6	16,7%
Frekar ósammála	1	2,4%
Mjög ósammála	1	2,4%
Fjöldi svara	42	100%
Veit ekki	3	
Alls	45	

Tafla 27. Íbúarnir hafa áhrif á hverjir veita þeim þjónustu

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög sammála	4	9,3%
Frekar sammála	9	20,9%
Hvorki sammála né ósammála	15	39,5%
Frekar ósammála	6	14,0%
Mjög ósammála	9	20,9%
Fjöldi svara	43	100%
Veit ekki	4	
Alls	47	

Samkvæmt forstöðumönnum eru einungis fáir íbúar Skálatúns með persónulegan talsmann og töldu þeir ekki fleiri einstaklinga í þörf fyrir slíkan. Í einu tilfellinu lét þó forstöðumaður úttektaraðila vita í kjölfar viðtals að ákveðið hefði verið að skipa einum einstaklingi persónulegan talsmann. Í öllum tilfellum sinna þessu hlutverki annað hvort nánir ættingjar eða starfsfólk Skálatúns, núverandi eða fyrrverandi. Sumir forstöðumanna sögðu það ekki alltaf fara saman að persónulegur talsmaður sé náninn aðstandandi einstaklings þar sem um hagsmunaárekstra gæti verið að ræða í ákveðnum málum. Einnig hafi þeir ekki allir skilning á hlutverki persónulegs talsmanns. Einn persónulegu talsmannanna sem rætt var við sagði sig oft skorta upplýsingar varðandi málefni einstaklingsins og að hann hafi ekki alltaf verið hafður með í ráðum þegar verulegar breytingar hafi verið gerðar á þjónustunni. Í spurningakönnun starfsfólks var meðal annars spurt að því hvort það teldi þá einstaklinga sem ekki eru með persónulega talsmenn vera í þörf fyrir það og af þeim 16 starfsmönnum sem tóku afstöðu til spurningarinnar töldu 12 starfsmenn (75%) svo vera, sem stangast á við álit forstöðumanna.

Samantekt

Almennt virðist vera gott samráð við íbúa Skálatúns um þjónustu og breytingar á þjónustu og eru þeir almennt með einstaklingsáætlanir sem unnar eru í samráði við þá. Niðurstöðurnar benda þó til að kynna þurfi einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir betur fyrir starfsfólki og þá sérstaklega starfsfólki Skálatúns 11a. Forstöðumenn og starfsfólk voru ekki sammála um þörf íbúa fyrir persónulega talsmenn.

5.7 Hæfi starfsfólks

1. mgr. 26. gr. um hæfi starfsmanna: Sveitarfélög skulu hafa á að skipa þroskaþjálfum til að starfa að verkefnum samkvæmt lögum þessum. Þar sem þörf krefur skal ráða félagsráðgjafa, iðjuþjálfra, sálfræðinga og aðra sérfræðinga til starfa, og starfsfólk sem talar íslenskt tákniál.

Gæðavísar 3.1 – Hæfi starfsfólks

- 3.1.2 Ég fæ þjónustu sem veitt er af þekkingu og er eins og ég þarf og vil.
- 3.1.3 Ég treysti fólkinu sem aðstoðar mig. Það veit hvað ég þarf og vil og hvernig á að aðstoða mig.
- 3.1.4 Það fólk sem aðstoðar mig daglega vinnur vinnuna sína vel.
- 3.1.5 Ég hef aðgang að sérfræðingum þegar ég þarf á því að halda.
- 3.1.6 Fólkid sem aðstoðar mig skilur mig og hvað ég þarf.
- 3.1.7 Ég fæ upplýsingar og ráðgjöf sem ég skil.
- 3.1.8 Ég skil fólkid sem aðstoðar mig þegar það á samskipti við mig.
- 3.1.9 Fólkid sem aðstoðar mig er næmt á þarfir mínar og hvernig ég er.

Allir forstöðumenn Skálatúns eru með menntun í þroskaþjálfrafræðum og auk þess starfa þroskaþjálfar í þremur búsetueininganna. Í Skálahlíð 11a er eitt stöðugildi þroskaþjálfra og er forstöðumaður tímabundið í hálfu starfi á móti yfirþroskaþjálfra í hálfu starfi. Nokkrir forstöðumannanna nefndu nauðsyn þess að í Skálahlíð 11a störfuðu a.m.k. tveir þroskaþjálfar í fullu starfi, annað væri ótækt. Jafnvel þyrfti að skipta húsinu í tvennt og að tveir þroskaþjálfar sæju um hvorn helminginn.

Í flestum búsetueininganna eru ófaglærðir stuðningsfulltrúar fjölmennasti starfshópurinn en einnig er hluti starfsfólks með félagsliðamenntun. Vegna íbúafjölda og þjónustuþarfa einstaklinganna sem búa á Skálahlíð 11a eru þar mun fleiri stöðugildi en í öðrum búsetueiningum Skálatúns en af 15,65 stöðugildum heimilisins eru ófaglærðir stuðningsfulltrúar í 13,05 stöðugildum. Í opnum spurningum könnunarinnar meðal starfsfólks komu fram áhyggjur af vinnulagi og viðhorfi starfsfólks Skálahlíðar 11a. Aðspurður um þetta sagði forstöðumaður að þetta hafi nýlega verið til umræðu á starfsmannafundi. Vinnustaðurinn sé stór, um 30 starfsmenn, og mikill hluti starfsfólksins sé ungt fólk að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Brugðist hafi verið við þessu og breytingar verið gerðar á verklagi sem hafi skilað sér í virkara starfsfólki og bættri einstaklingsmiðaðri

þjónustu til einstaklinganna. Við vettvangsathugun sáu úttektaraðilar starfsfólk vinna eftir nýju verklagi og virtist það reynast vel.

Í viðtölum komu fram áhyggjur af skorti á fagþekkingu innan stjórnar Skálatúns og sagði einn viðmælendanna að „stjórnin er ekki byggð á fagþekkingu heldur góðmennsku“. Í henni sitja fjórir fulltrúar frá Bindindissamtökunum IOGT á Íslandi auk læknis sem hefur sinnt stöðu formanns frá 1982. Samkvæmt upplýsingum fráfarandi framkvæmdastjóra leggur stjórnin línur um þjónustuna og er yfir rekstrinum en hefur ekki áhrif á dagsdagleg störf Skálatúns. Fulltrúar frá styrktarfélaginu Ás sátu í stjórninni frá 2002 til 2014 og á því tímabili reyndi félagið að koma á breytingum á starfsemi og hugmyndafræði Skálatúns en ákvað að lokum að draga sig út úr stjórn þegar ekki náðist sátt um breytingarnar.

Í fylgiskjali með þjónustusamningi Mosfellsbæjar og Skálatúns kemur fram að starfsfólki skuli standa til boða „sí- og endurmenntun, handleiðsla og ráðgjöf sem miðar að því að það búi ávallt yfir bestu faglegu þekkingu og reynslu sem að gagni má koma í starfrækslu heimilisins.“ Þá stendur einnig í viðauka um starfsmanna-hald að „Skálatúnsheimilið skal árlega leggja fram áætlun um námskeið og aðra fræðslustarfsemi fyrir starfsfólk sitt um þau málefni sem nýtast í þjónustu við íbúa heimilisins og fólk í hæfingu.“ Samkvæmt starfslýsingum Skálatúns ber sviðsstjóri Skálatúns ábyrgð á faglegu starfi, fræðslu og handleiðslu starfsmanna. Þá sjá forstöðumenn til þess að starfsmenn fái fræðslu í starfi og bera ábyrgð á að starfsfólk tileinki sér viðhorf í samræmi við gildandi hugmyndafræði. Engin fræðsla hefur verið skipulögð fyrir árið 2020 fyrir utan árlegt skyndihjálparnámskeið en sviðsstjóri sagði stefnt að því að innleiða þjónandi leiðsögn á árinu. Hann sagði að unnið hafi verið eftir hugmyndafræðinni í einhvern tíma en nú eigi að innleiða hana formlega. Aðspurðir um fræðslu starfsfólks sögðu forstöðumenn starfsfólkið hafa fengið fræðslu í gegnum Starfsmennt en stærstur hluti starfsmanna hefur unnið lengi í Skálatúni og hafa því farið á þau námskeið sem þar eru í boði. Þeir sögðu skyndihjálparnámskeið haldin reglulega og starfsdagar hafa verið nýttir fyrir fræðslu en auk þess séu „starfsmennirnir sjálfir með ábyrgð á því að sækja sér fræðslu“. Aðspurð um efni starfsdaga nefndu forstöðumenn helst heimsóknir á atvinnu- og hæfingartengda starfsstaði.

Nær allir forstöðumennirnir sögðust vera með reglulega starfsmannafundi en einnig voru dæmi um óreglulega formlega fundi og þess í stað fleiri óformleg samtöl dagsdaglega í þeim tilfellum sem starfsmenn eru mjög fáir. Forstöðumenn sögðu viðfangsefni fundanna fjölbreytt og nefndi einn að þeir væru nýttir til að samræma vinnubrögð og ferla og annar nefndi að þar væri farið yfir starfið, hvað sé framundan og hvað má betur fara í þjónustunni. Aðspurðir um tíðni starfsmannafunda og nýtingu þeirra taldi stór hluti þátttakenda í spurninga-könnuninni (75%) starfsmannafundi haldna hæfilega oft og einnig taldi stærstur hluti (85%) þá nýtast mjög vel eða nokkuð vel í starfi.

Áður fyrr voru búsetueiningarnar með sameiginlega nýliðafræðslu en þar sem starfsmannavelta er lítil sér nú hver forstöðumaður um fræðslu til nýs starfsfólks innan sinnar búsetueiningar. Við upphaf starfa fær nýtt starfsfólk upplýsinga-

handbók um starfsemi heimilisins auk viðbragðs- og öryggisáætlunar. Það fær einnig bækling sem tveir forstöðumanna hafa útbúið og uppfæra reglulega. Í bæklingnum kemur meðal annars fram:

Starfsemin er samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, stefnu og hugmyndafræði Skálatúns og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Skálatún kappkostar að mæta þörfum og óskum einstaklingsins til búsetu og þjónustu sem best. [...] Rík áhersla er lögð á að veita einstaklingsmiðaða þjónustu, til þess höfum við m.a. notað „þjónandi leiðsögn“ þá er lögð áhersla á að samskiptin grundvallist af alúð, vináttu, umhyggju og hvatningu. Til þess að gera einstaklingnum fært að setja sér markmið og ná þeim eru gerðar einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir.

Í könnuninni meðal starfsfólksins var spurt: „Hefur þú á síðustu 12 mánuðum fengið fræðslu eða sótt námskeið sem nýtist í starfi?“. Af 46 svarendum sögðust 33 starfsmenn (72%) ekki hafa fengið fræðslu eða sótt námskeið á tímabilinu. Þeir 13 starfsmenn sem sögðust hafa fengið fræðslu eða sótt námskeið voru spurðir nánar út í hvaða fræðslu eða námskeið þeir hefðu sótt og á hvers vegum. Algengast var skyndihjálparnámskeið Rauða kross Íslands, en níu starfsmenn nefndu það. Einnig minntust einstaka svarendur á eftirfarandi: námskeið hjá Þroskaþjálfafélaginu, fyrirlestur um umönnun frá hjúkrunarheimili, fræðsla úr fyrra starfi um heilabilun og ellinglöp, námskeið um framkomu við fatlaða einstaklinga (ekki kom fram á hvers vegum það var) auk námskeiða úr námi í þroskaþjálfafraeðum. Þá tiltók einn starfsmaður: „Við fórum til Brighton að læra um núvitund og vitund um vellíðan þeirra“ og er hér líklega átt við að hópur starfsmanna Skálatúns hafi sótt það saman, en líklega nær það ekki innan þess tímaramma sem spurt var um þar sem ekki minntust fleiri á það.

Sérstaklega var spurt í spurningakönnuninni meðal starfsfólks hvort það hefði farið fram fræðsla annars vegar um réttindi íbúanna samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og hins vegar fræðsla um hugmyndafræði um sjálfstætt líf fatlaðs fólks, sjá töflur 28 og 29. Stærstur hluti (75%) sagði ekki hafa farið fram fræðslu um nýju lögin og sömuleiðis sagði meirihlutinn (68%) ekki hafa farið fram fræðslu um sjálfstætt líf. Þá vekur athygli fjöldi þess starfsfólks sem vissi ekki hvort slík fræðsla hefði farið fram, annars vegar 18 manns og hins vegar 19. Einn forstöðumanna staðfesti að ekki hefði farið fram fræðsla um nýju lögin innan Skálatúns en hann sagðist sjálfur hafa sótt málþing á vegum Þroskaþjálfafélagsins um innihald laganna.

Tafla 28. Undanfarin 2 ár, hefur farið fram fræðsla fyrir starfsfólkið um réttindi íbúanna samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (nr. 38/2018)?

	Fjöldi	Hlutfall
Já	7	25%
Nei	21	75%
Fjöldi svara	28	100%
Vil ekki svara	1	
Veit ekki	18	
Alls	47	

Tafla 29. Undanfarin 2 ár, hefur farið fram fræðsla fyrir starfsfólk um hugmyndafræði um sjálfstætt líf fatlaðs fólks?

	Fjöldi	Hlutfall
Já	9	32,1%
Nei	19	67,9%
Fjöldi svara	28	100%
Veit ekki	19	
Alls	47	

Starfsfólkið var einnig spurt að því hvort það myndi vilja fá frekari fræðslu eða námskeið og svöruðu 33 því játandi (83%). Aðspurð um hvers lags fræðslu eða námskeið þau myndu vilja komu fram eftirfarandi hugmyndir:

- Réttindi fatlaðra og gildandi hugmyndafræði um þjónustu við fatlaða (8)
- Fatlanir einstaklinganna og þarfir þeirra (4)
- Nauðung (2)
- Þjónandi leiðsögn (2)
- Samskiptaverkfæri/tákn með tali/táknmál (2)
- Notkun tækjabúnaðar, t.d. sonda/næring og slímlosunartæki (1)
- Tann-, húð- og sáraumhirða (1)
- Næringarfræðsla (1)
- Iðjuþjálfun (1)
- Stuðningsfulltrúanámskeið (1)
- Líkamsbeiting (1)
- Kjarasamningar starfsmanna (1)
- Brunaæfingar / kennsla á brunakerfið (1)
- Öryggismál (1)

Vilji starfsfólks til aukinnar fræðslu kom einnig fram í öðrum opnum spurningum könnunarinnar, en þar tiltók starfsfólk m.a. að „það ættu að vera fleiri námskeið og kennsla fyrir starfsmenn til þess að auka þekkingu á hugmyndafræði nútímans fyrir fatlaða einstaklinga“ og að „starfsfólk þyrfti einnig að fá kynningu á núverandi hugmyndafræði í þjónustu við fatlað fólk þar sem gamlar hugmyndir um þjónustu er enn ríkjandi“. Þá tók einn starfsmannanna fram að ekki sé rétt að „halda því fram að verið sé að vinna eftir þjónandi leiðsögn, starfsmenn vita almennt ekki hvað sú hugmyndafræði hefur í för með sér“.

Nokkrir einstaklinganna sem búa í Skálatúni eru með geðfatlanir og við framkvæmd úttektar komu fram áhyggjur af því að þekking forstöðumanna og starfsfólks á þjónustupörfum þeirra og þeim skerðingum sem þeir búa við séu ekki nægileg og þörf sé á fræðslu um fatlanir þeirra og faglegri handleiðslu til starfsfólks. Skálatún hefur leitað til [Sérfræðiteymis um aðgerðir til að draga úr nauðung við fatlað fólk](#) í tilfelli tveggja þessara einstaklinga og hafa sérfræðingar teymisins veitt ráðgjöf í þeim tilfellum. Við framkvæmd úttektar komu þó fram áhyggjur meðal viðmælenda af því að sú ráðgjöf hafi ekki verið nýtt nægilega vel í starfinu.

Eins og áður segir ber sviðsstjóri ábyrgð á faglegu starfi og fræðslu Skálatúns. Forstöðumenn nefndu að upp kæmu ýmis mál í búsetu og í starfsmannamálum sem gott væri að leita til sviðsstjóra með. Margir viðmælendanna bentu þó á að ekki gengi upp að sviðsstjóri væri einnig forstöðumaður og sögðu þeir sviðsstjóra ekki ná að sinna starfi sínu sem faglegur ráðgjafi vegna anna í starfi við heimilin sem hann veitir forstöðu. Sviðsstjóri sagði sjálfur að um 50-60% af starfi hans færi í vinnu á gólfinu vegna afleysinga, fyrir utan forstöðumannaverkefningin og að lítil tími gæfist til að sinna verkefnum sviðsstjóra.

Þess er getið í þjónustusamningnum á milli Mosfellsbæjar og Skálatúns að starfsfólk Skálatúns hafi aðgang að faglegri ráðgjöf starfsfólks fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar sér að kostnaðarlausu. Verkefnastjóri hjá Mosfellsbæ sagðist í eitt sinn hafa veitt Skálatúni ráðgjöf vegna starfsmannamáls en að öðru leyti hafi stjórnendur Skálatúns ekki nýtt sér þessa þjónustu sveitarfélagsins. Í samtölum við forstöðumenn og fráfarandi framkvæmdastjóra Skálatúns kom fram gagnrýni og vantraust gagnvart sveitarfélaginu. Rætt var um skort á samstarfi frá Mosfellsbæ, að þjónusta sveitarfélagsins gagnvart Skálatúni væri lakari en gagnvart öðrum og að fjármagn til félagsins væri af mjög skornum skammti sem hefur áhrif á þjónustuna við einstaklingana og leyfi ekki þær breytingar á starfsemi sem áætlaðar hafi verið. Aðspurður um þetta sagði nýr framkvæmdastjóri tækifæri til að auka samstarf milli Skálatúns og Mosfellsbæjar og var bjartsýnn á betri samskipti milli aðila.

Samantekt

Allir forstöðumenn Skálatúns eru menntaðir þroskaþjálfar og auk þeirra starfa þroskaþjálfar í þremur búsetueiningum en bent var á þörf á fleira fagmenntuðu fólki í starfshóp Skálatúns og þá sérstaklega í Skálahlíð 11a. Einnig komu fram áhyggjur af því að enginn í stjórn Skálatúns sé með fagþekkingu á mállefnum fatlaðra og að sami aðilinn hafi sinnt stjórnarformennsku hátt í 40 ár. Fræðslu til starfsfólks hefur ekki verið sinnt nægilega vel og kom fram skýr vilji starfsfólks til að fá fræðslu. Sviðsstjóri nær ekki að sinna starfi sínu vegna anna við forstöðumannsstörf og afleysingar starfsfólks.

6. Fylgiskjöl

6.1 Fylgiskjal 1 – Athugasemdir framkvæmdastjóra

Úttekt á þjónustu við íbúa í Skálatúni – athugasemdir framkvæmdastjóra

Ég vil byrja á því að þakka fyrir góða og vel unna úttekt. Þessi skýrsla mun hjálpa mér mikið við að koma á breytingum hjá Skálatúni.

Ég hef nokkrar athugasemdir en mest þó vegna þess að margt hefur breyst síðan ég kom til starfa.

Tilmæli um úrbætur bls. 6-7:

1. Búsetustaður

- Mosfellsbær leggi áherslu á að bjóða einstaklingum sem búa í herbergjasambýlum Skálatúns aðra búsetukosti í samræmi við ákvæði II til bráðabirgða í lögum nr. 38/2018. Sérstaklega verði lögð áhersla á að bjóða ákveðnum einstaklingi, sem niðurstöður úttektar sýna að henti verulega illa að búa í herbergjasambýli, annan búsetukost.
- Mosfellsbær breyti skráningu lóðar Skálatúns úr stofnanalóð í íbúðalóðir.

- Í ferli eru ákveðnar búsetubreytingar hjá Skálatúni. Undirbúningur er kominn af stað við að breyta átta auðum herbergjum í Skálahlíð 13 í fjórar 2ja herbergja íbúðir. Sambýlið í Skálahlíð 7B verður sameinað sem og íbúð í Skálahlíð 9. Ekki er búð að taka loka ákvarðanir um hverjir flytja í nýjar íbúðir en reiknað er með að einstaklingur í Skálahlíð 11A flytjist í eigin íbúð sem og einstaklingur sem býr núna í Skálahlíð 9. Eftir á að ákvarða hvaða 2 einstaklingar flytjast úr herbergjasamfélagi yfir í íbúð í Skálahlíð 13 með vorinu (2021) en undirrituð vonast til að yngra fólkið fái tækifæri til að búa eitt.
- Mosfellsbær breytti skráningu hjá sér í lok júní sl. þannig að búsetueiningarnar flokkast sem íbúðir en ekki sem stofnanir.

2. Skálatún 11a

Brýn þörf er á að rýna starfsemi og skipulag hjúkrunarsambýlisins að Skálatúni 11a en niðurstöður gáfu til kynna fjölda atriða sem þar þarf að huga að, m.a. eftirfarandi:

- Húsnæðið stórt og stofnanalegt.
- Fjöldi íbúa og þjónustupyngd.
- Mikil starfsmannavelta og vinnuálag vegna fjölda íbúa og þjónustupaíra þeirra.
- Mjög hátt hlutfall ófaglærðra stuðningsfulltrúa.
- Þörf á fjölgun stöðugilda þroskaþjálfara.
- Slæm samskipti milli íbúa sem eiga illa saman.
- Lítið næði á matmálstímum.
- Kynna þarf einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir fyrir starfsfólki.

- a) Fjöldi íbúa í Skálahlíð eru nú 9 en ekki 10. Verið er að hanna örvunarherbergi þar sem eitt herbergi losnaði og verður ekki nýtt sem búsetuúrræði.
- b) Stöðugildum í Skálahlíð 11A hefur fjölgað úr 15,65 í 18 stöðugildi og þar með hefur álag á starfsmenn minnkað.
- c) Búið er að fjölga stöðugildum þroskaþjálfara í Skálahlíð 11A og eru nú 2 starfandi þroskaþjálfarar, annar í 100% stöðugildi og hinn í 80% stöðugildi að eigin ósk.
- d) Starfsmaður með hjúkrunarmenntun var ráðinn í september sl. í Skálahlíð 11A.

Skálatún fékk tímabundið starfsleyfi frá Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar í nóvember sl. og gildir leyfið til 31.12.2021.

Breyting hefur orðið hjá Skálatúni. Helgi Hróðmarsson framkvæmdastjóri er hættur störfum og Þórey I. Guðmundsdóttir er ráðin tímabundið til Skálatúns. Launafulltrúi/bókari hefur hætt störfum og hefur launum- og bókhaldi verið úthýst. Sviðsstjóri fer á eftirlaun í lok desember 2020 en mun vinna ákveðin verkefni fram til loka apríl 2021. Verið er að straumlínulaga reksturinn svo hægt verði að nýta fjármagn betur í þjónustu við íbúa.

Varðandi starfsmannahald hjá búsetueiningum Skálatúns er nokkur breyting:

- Skálahlíð 7B 6 ½ stöðugildi og 3 íbúar (sambýli)
- Skálahlíð 11 8 stöðugildi og 7 íbúar (íbúðir)
- Skálahlíð 11A 18 stöðugildi og 9 íbúar (sambýli)
- Skálahlíð 13A 6 stöðugildi og 5 íbúar (sambýli og íbúð)
- Skálahlíð 13B 8 stöðugildi og 6 íbúar (sambýli)
- Skálahlíð 9 3 ½ stöðugildi og 1 íbú (íbúð)
- Skálahlíð 13 5 ½ stöðugildi og 4 íbúar (íbúðir)

Starfsmanni sundlaugar var sagt upp í júlí og rennur ráðningarsambandið út um áramótin. Sundlaugin verður rekin áfram af einkaaðila og munu tekjur vegna þess standa undir rekstri sundlaugar (þrif, hiti, rafmagn, vatn, skattur, tryggingar, viðhald ofl.). Enginn starfsmaður verður á launaskrá vegna sundlaugar.

Í Skálahlíð 7B er forstöðumaður kominn með eigin skrifstofu en vinnur ekki við lítið skrifborð í sameiginlegu rými.

Búið er að skipta út öllum tölvubúnaði hjá Skálatúni þannig að búnaðurinn telst með þeim betri í dag. Tekið var upp nýtt tímaskráningarkerfi sl. vor og í sumar sem léttir á forstöðumönnum að halda utan um tíma starfsmanna. Verið er að bæta aðbúnað forstöðumanna og þeir forstöðumenn sem hafa ekki nógu góða aðstöðu líkt og er í Skálahlíð 13A hafa aðgang að skrifstofu í Skálahlíð 7 sem hægt er að nýta.

Verið er að skoða varðandi næturvaktir. Í vor (2021) verða a.m.k. 4 stöðugildi næturvaktar í 5 húsum.

Lokið var við að semja við Öryggismiðstöðina í lok sumars (ágúst/sept) um að skipta út öllu brunavarnarkerfinu og verður sett sér brunavarnarkerfi í hvert hús. Vinnan fór á bið þegar

Covid19 blossaði upp aftur í haust (2020). Verið er að bíða eftir að hægt verði að byrja og vonast er eftir að vinnan geti hafist strax í janúar 2021.

Eins og komið hefur fram var Skálahlíð 7A leigð út til Rauða krossins í verkefnið „karlarnir í skúrnum“ og er ánægja með þessa lausn af hálfu beggja aðila.

Stefnumótun Skálatúns 2017 – 2027 er samþykkt af stjórninni. Sum atriði stefnumótunar verða ekki í framtíðinni.

- Skálahlíð 7A er komin í útleigu og verður ekki breytt í íbúðir.
- Skálahlíð 7B verður ekki breytt í íbúðir heldur verður reynt að leigja húsnæðið út líkt og Skálahlíð 7A
- Skálahlíð 13A – 1. áfangi er lokið
- Skálahlíð 13 verður breytt meira en kemur fram í stefnumótun. Hafin er undirbúningur við að breyta átta herbergjum í fjórar íbúðir.
- Skálahlíð 9 verður ekki nýtt sem búsetuform heldur reynt að leigja út með hluta af stærra húsnæði.

Ég get tekið undir að skortur er á hnitmiðaðri fræðslu sem byggir starfsfólk upp í þeirra störfum. Í fræðsluáætlun 2021 verður kappkostað að setja niður námskeið sem eflir starfsfólk.

Ég vil taka fram að samstarf við Mosfellsbæ síðan ég kom til starfa hefur verið mjög gott. Okkur bauðst að taka þátt í fræðsluáætlun bæjarins sem lítið var tekið undir af hálfu sviðsstjóra og forstöðumanna.

02. desember 2020

Þórey I. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri

6.2 Fylgiskjal 2 – Athugasemdir sviðsstjóra og forstöðumanna

Úttekt á þjónustu við íbúa í Skálatúni

Við erum sammála um að úttekin er afar vel unnin. Okkar upplifun er að skýrslan styðji vel við þær áherslur og það sem við höfum bent á að þarfnist úrbóta, við erum þó með nokkrar athugasemdir og ábendingar.

Við fögnum stuðningi við tillögur okkar sem snúa m.a að Skálahlíð 11a þar sem fram kemur að skipta þurfi húsinu upp í smærri heimiliseiningar. Helstu úrbætur sem hafa átt sér stað í Skálahlíð 11a.

- Nú eru starfandi 2 þroskaþjálfar, Forstöðuþroskaþjálfari (100% vinna) og yfirþroskaþjálfari (80%vinna).
- Stöðugildum hefur verið fjölgað, álag hefur þar af leiðandi minnkað og hægt hefur verið að auka þjónustuna til að mæta þörfum íbúa.
- Slæm samskipti á milli íbúa eru nánast að öllu leyti tengd einum íbúa sem passar ekki inn í þessa búsetu. Viðkomandi á umsókn um búsetu annars staðar.
- Við höfum bent starfsfólki á að íbúar eru með þjónustuáætlanir og furðum okkur á þessari niðurstöðu.

Í skýrslunni er vitnað í Stefnumótun Skálatúns frá 2017-2027. Þar sem við teljum að ekki eigi að vinna samkvæmt þessari stefnumótun er ekki hægt að miða við hana í úttektinni.

Við erum sammála athugasemd þar sem fram kemur að „*Styðja þarf við aukna þátttöku íbúa Skálatúns í samfélaginu, sérstaklega varðandi atvinnu- og hæfingartengda þjónustu*“ en íbúar Skálatúns hafa það val að starfa annarsstaðar ef þeir óska eftir því, flestir hafa þó óskað eftir því að starfa hér. Við veltum fyrir okkur hvað átt er við með „*afþreyingu og félagslegt samneyti*“ þar sem að íbúar sækja alla aðra þjónustu út fyrir Skálatún.

Starfsmönnum hefur boðist að sækja 2-3 námskeið á ári en fyrirhuguðum námskeiðum ársins 2020 var auðvitað frestað vegna ástandsins.

Það sem við höfum lagt áherslu á í störfum okkar er að vinna að mannréttindum íbúa í Skálatúni. Við höfum bent á að ef við eigum að geta starfað eftir lögum, reglum og samningi sameinuðu þjóðanna þarf fjármagn, við köllum eftir því að rekstraraðilar tryggi að hægt verði að bjóða upp á þá þjónustu sem er óumdeilanlega tryggð í lögum.

Að lokum viljum við koma því á framfæri að við forstöðumenn hefðum kosið að fá kynningu á skýrslunni þar sem hægt væri að ræða niðurstöður hennar.

30.11.2020

Anna Kristín Gunnlaugsdóttir, sviðsstjóri
Helga Rut Sigurðardóttir, forstöðumaður
Jónína Guðný Árnadóttir, forstöðumaður
Kristín Jónsdóttir, forstöðumaður
Líney Rut Guðmundsdóttir, forstöðumaður
Sigríður B. Kjartansdóttir, forstöðumaður
Steinunn K. Guðmundsdóttir, forstöðumaður

